



Öskudagur undirbúinn Börn klæða sig í búninga og setja upp grimur í dag og mörg þeirra syngja í verslunum í von um góðgæti að launum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fleiri börn hælisleitenda ekki í skóla

Fimm makedónsk systkini hafa ekki hafið skólagöngu þrátt fyrir margra vikna bið. Þau bíða eftir föstu húsnæði og læknisskoðun.

MANNRETTINDI Adeins einn læknir starfar fyrir Útlendingastofnun og dæmi eru um allt að tveggja mánaða bið eftir læknisvottorði. Læknisvottorð er skilyrði fyrir skólagöngu barna hælisleitenda.

Tólf og þrettán ára systur frá Makedóníu, sem hér hafa dvalið

í tvo mánuði, fá engin svör um hvenær þær fái að byrja í skóla. Þær fengu læknisskoðun í janúar-byrjun og jákvætt svar frá lækni um að óhætt væri að hefja skólagöngu. Þrjú önnur systkini þeirra, sem dvalið hafa skemur á landinu hafa enn ekki heyrt frá lækni.

Útlendingastofnun segir töf á afhendingu á húsnæði til fjölskyldunnar auk dráttar á læknisskoðun hafa orðið til þess að seinka skólagöngu barnanna. „Afhendingu á húsnæði til fjölskyldunnar í Reykjanesbæ seinkaði og því gátu þau ekki flutt á þeim tíma sem var fyrir-

Fyrri mál vegna skóla

Í fyrrahaust varð ljóst að Útlendingastofnun hefði látið hjá líða að sækja um skólavist fyrir börn hælisleitenda þrátt fyrir tilmæli talsmanna hælisleitenda, Rauða krossins og umboðsmanns barna. Forstjórinn lofaði þá umbótum.

hugaður. Ástæðan fyrir því var að í húsnæðinu var fjölskylda sem hafði fengið hæli en lengri tíma tók að finna nýtt húsnæði fyrir þá fjölskyldu en til stóð,“ segir Kristín María Gunnarsdóttir hjá Útlendingastofnun um hvers vegna réttindi barnanna hafi ekki verið tryggð. – kbg / sjá síðu 4

Segir málið lýsa ógeðfelldum samskiptum

VIÐSKIPTI „Atburðarásin öll lýsir mjög ógeðfelldum samskiptum í æstu lögum í fjármálakerfinu sem kalla á spurningar um þann kultúr sem þar viðgengst,“ segir Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, um Borgunarmálið.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, sagði í samtali við Ríkisútvarpið í gær að augljóst væri að sala Landsbankans á um 32 prósentu hlut sínum í Borgun í nóvember 2014 hefði verið klúður.

„Það sem mér finnst mjög alvarlegt við þetta er að þetta truflar starfsfriðinn í Landsbankanum, þetta getur líka haft áhrif á áform okkar um að huga að sölu á bankanum,“ segir fjármálaráðherra.

– jh / sjá síðu 6

Fréttablaðið í dag

MARKAÐURINN Um helmingur af sammingsbrotamálum sem ESA hefur rekið gegn EFTA-rikkjum var rekinn gegn Íslandi. Þingmaður segir slæmt þegar tilhæfalaus mál eru rekin.

SKOÐUN Silja Dögg skrifar um áfengisfrumvarpið. 14-18

SPORT Draumadagar Íslendinganna. 20

MENNING Sigrún Inga er nýráðin deildarforseti myndlistardeildar Listaháskóla Íslands. 26-30

PLÚS SÉRBLAÐ • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Veður



Norðaustan- og austanátt. Nokkuð hvasst suðaustanlands og síðar einnig á Suðurlandi, annars hægari vindur. Snjócoma eða él, en þurr og bjart veður vestan til á landinu fram eftir degi. Frost við 1 til 8 stig, en hlánar við suðurströndina. **SJÁ SIÐU 24**



P-8A Poseidon radarflugvél líkt og kemur hugsanlega til landsins.

NORDICPHOTOS/AFP

Herinn vill snúa aftur á Miðnesheiði

UTANRÍKISMÁL „Engar viðræður eiga sér stað á milli Íslands og Bandaríkjanna um varanlega staðsetningu bandaríksks liðsafla á Íslandi,“ segir í svari utanríkisráðuneytisins við fyrirspurn vegna fyrirhugaðrar endurkomu Bandaríkjahers á Miðnesheiði. Í ljósi breyttra öryggisaðstæðna í Evrópu hafi þó verið rædd mögulega aukin umsvif Bandaríkjanna og annarra bandalagsríkja á norðanverðu Atlantshafi í samræmi við sameiginlegar varnarskuldbindingar.

Í tímariti Bandaríksa hersins, Stars and Stripes, er fullyrt að herinn hafi í hyggju að endurreisa herstöðina á Miðnesheiði í þeim tilgangi að leita uppi rússneska kabáta.

Bandaríski sjóherinn fer með uppbygginguna en um er að ræða endurreisn á flugskýli sem var á herstöðinni. Sjóherinn hefur óskað eftir fjármagni úr fjárlögum Bandaríkjanna til þessa og reiknað er með að uppbyggingin á Miðnesheiðinni verði í fjárlögum ársins 2017.

Flugskýlið mun koma til með að hýsa P-8A Poseidon flugvél sem er sérútbúin til að hafa upp á kabátum. Vélin sem um ræðir er ekki vopnuð og verður hún hér tímabundið.

Nú þegar er P-3 Orion flugvél sem sinnir sambærilegu eftirliti við Ísland en hún kemur hingað reglulega frá bækestöð sinni á Sikiley á Ítalíu. – srs

Naut frelsisins



„Frelsið að fljúga er heillandi,“ segir Óli Sigdór Konráðsson sem var með félögum sínum við Gróttu á Seltjarnarnesi og gerði æfingar á svífvæng. Óli Sigdór er jókllaiðsögumaður og segir flug á svífvæng henta vel með vinnunni. „Þetta er samt hollt og gott sport fyrir alla.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Muhammad með dóttur sinni sem verður í leikskóla í Kópavogi.

MYND/MÁNI HRAFNSSON

Flóttafólkið fékk kuldaföt

SAMFÉLAG Sýrlenskar fjölskyldur sem eru sestar að í Kópavogi komu ekki búnar undir fimbulkuldann á Íslandi.

Verslunin Ellingsen bauð fólkinu að koma til sín og velja vetrarföt að börnin sem þurfa hlýjan fatnað fyrir útivistina í leikskóla og grunnskóla. Öll fundu þau nytsamlegar flíkur en sýrlensku fjölskyldurnar sem settust að á Akureyri fengu sömu hlýju mótökurnar. – kbg

Með miða aðra leið á munaðarleysingjahæli

Aníta G. Axelsdóttir lagði af stað í morgun áleiðis til Kenía til að starfa sem sjálfbodaliði á nýju heimili fyrir munaðarlaus börn. Farmiðinn gildir aðeins aðra leið enda kveðst Aníta sjá fyrir sér að erfitt geti reynst að slíta sig frá börnunum.

FÉLAGSMÁL „Ég er svo spennt að ég veit ekki hvernig ég á að haga mér,“ segir Aníta G. Axelsdóttir, sem í dag leggur upp í sólarhrings ferðalag frá Íslandi til Kenía til starfa sem sjálfbodaliði á nýju heimili fyrir munaðarlaus börn.

Stöð 2 greindi frá því í mars í fyrra að Anna Þóra Baldursdóttir og sænsk vinkona hennar hygðust opna heimili fyrir munaðarlaus börn í Nairóbí í Kenía. Anna Þóra hafði þá dvalist ítrekað ytra sem sjálfbodaliði á slíku heimili eftir að hún fór fyrst út 2013.

Að sögn Anítu er starfsleyfi sem beðið hefur verið eftir nú loks í höfn. Heimilið verði fyrst um sinn starfrækt í leiguhúsnæði. Ætlunin sé síðan að byggja nýtt hús frá grunni. Regla sé að tuttugu börn að lágmarki séu á slíkum heimilum og þeim fjölda verði haldið til að byrja með.

„Fyrsta barnið kom fyrir þremur dögum. Það er þriggja daga gömul stelpa,“ segir Aníta sem kveðst afar spennt að komast til Kenía. Sjálf hafi hún ekki verið þar áður en hins vegar dvalist í einn mánuð í Suður-Afríku á árinu 2012. Þá hafi hún verið sjálfbodaliði á munaðarleysingjahæli fyrir villt dýr. „En það var rándýrt, bara sjálfbodaliðastarfið kostaði 500 þúsund krónur – fyrir utan flug og mat og annað.“

Aníta, sem starfað hefur á Vinakoti sem þjónustar börn með fjölþættan vanda, kveðst hafa beðið eftir tækifæri til að komast utan aftur.

Reksturinn í Kenía segir Aníta byggjast á styrktaraðilum, meðal annars í gegnum styrktarfélag hér




Aníta G. Axelsdóttir með sex ljónungum og hundi á munaðarleysingjahæli fyrir villt dýr í Suður-Afríku.

Fyrsta barnið kom fyrir þremur dögum. Það er þriggja daga gömul stelpa.

Aníta G. Axelsdóttir, verðandi sjálfbodaliði í Kenía

á Íslandi. Hún kveðst afar þakklát fyrir tækjum sem lagt hafi verkefninu lið. Nefnir hún til dæmis O. Johnson & Kaaber, Rekstrarvörur, Íslensk Ameríska og DHL.

Miði Anítu gildir aðeins aðra leið og hún veit ekki hvenær hún snýr aftur. „Ég kem út þegar þær eru að byrja með þetta og ég held ég muni eiga erfitt með að fara frá börnunum sem koma þarna inn eiginlega á fyrsta degi lífs síns.“ gar@frettabladid.is



Aníta hlúir að foreldralausum vini sínum í Suður-Afríku.

FJÁRFESTU Í HEILSUNNI ÞINNI

OFURFÆÐI
í hylkjum

- 31 innihaldsefni
- Hátt næringargildi
- Aukin orka og úthald
- Ríkt af andoxunarefnum
- Hátt hlutfall vítamína, steinefna, ensíma og aminosýra
- 100% náttúrulegt og lífrænt

Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða og verslana

Nýtt

ULTIMATE SUPERFOODS

Contains 31 Organic Superfoods, Concentrates, Plant Extracts and Bio-Active Enzymes

60 Capsules

90

MILLJÓNIR

GREIDDAR ÚT Í KVÖLD

„Tannlæknakostnaðurinn var að sliga fjölskylduna þar til ég gerði eins og mamma mín sagði mér – keypti mér miða í HHÍ.“

Jens Einarsson vinningshafi



PIPAKTIBWA • SÍA • 156137

VERTU MEÐ - DRÖGUM KL. 18.00 | TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á HHI.IS



**HAPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS**

Vænlegast til vinnings



Innovation
that excites

TÖFFARINN Í FJÖLSKYLDUNNI



NISSAN JUKE

ACENTA DÍSIL / EYÐSLA 4,0 L/100 KM*

3.490.000 KR.

STAÐALBÚNAÐUR Í NISSAN JUKE ACENTA ER MEÐAL ANNARS:

Íslenskur leiðsögubúnaður, bakkmyndavél, 6 öryggisloftþúðar, ABS með EBD, ESP skriðvörn, ISOFIX barnabílstólafestingar, Bluetooth handfrjálfs simabúnaður, útvarp með geislasplara, AUX og USB tengi fyrir MP3 spilara, 17" álfelgur, 60/40 skipting á aftursætum, samlitir speglar og hurðahúnar, krómaðir hurðaopnarar, hæðarstilling á bílstjórasæti, hiti í sætum, aðgerðahnappar í stýri, sjálfvirk loftkæling, hraðastillir (Cruise Control), akstursthólva, rafdrifnir útspeglar, rafdrifnar rúður, þokuljós, varadekk, fjarstýrðar samlæsingar, hraðanæmt vökvastýri.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Forseti Alþingis aðhefst ekkert

ALÞINGI Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, mun ekkert aðhafast frekar vegna bréfs sem hann fékk sent frá ríkisendurskoðanda vegna ummæla formanns fjárlaganefndar. Ríkisendurskoðandi kvartaði til Einars vegna tveggja ummæla Vigdísar Hauksdóttur í viðtölum við fréttastofu 365.

„Ég hef mótttekið bréf ríkisendurskoðanda. Bréfið talar sínu máli. Þar sem þetta er orðið opinbert plagg mun ég leggja það fram á fundi forsætisnefndar þingsins í næstu viku. Að öðru leyti mun ég ekkert aðhafast frekar í þessu máli,“ segir Einar.

Vigdís Hauksdóttir gagnrýndi harðlega bréf ríkisendurskoðanda í gær og sagði það vera þögnartilburði af hálfu embættismanna-kerfisins. – sa

Rússar njósna mest í Noregi

NOREGUR Njósni Rússa í Noregi eru umfangsmeiri en njósni annarra, að því er yfirmaður norsku öryggislögreglunnar, Benedicte Bjørnland, greindi frá í gær. Hún sagði háttsetta rússneska njósnaara starfa í Noregi auk þess sem Rússar stunduðu í auknum mæli njósni á netinu.

Bjørnland sagði Rússa ekki vera að undirbúa stríð, engin ástæða væri til að telja að þeir myndu ráðast inn í Noreg. Þeir gætu hins vegar misnotað upplýsingarnar sem þeir komast yfir þegar spennu skapast í öryggismálum. – ibs

Þjóðlegir hrekkjalómar í Portúgal



Ungir menn í hefðbundnum „caretos“ búningum á Lazarim-kjötkveðjuhátiðinni í Lamego í Portúgal í gær. Búningarnir eiga rætur að rekja til keltneskra hefða þar sem ungir menn fóru í litrík klæði, dulþuggust viðargrimum, spenntu á sig hrossabrestabelti og hræddu fólk á götum úti, sér í lagi einhleypar, ungar stúlkur. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Borgunarmál sýni ógeðfæld samskipti

„Við eigum ekki að setta okkur við að hefðbundin síðalögmál gildi ekki í fjármálakerfinu,“ segir Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, um Borgunarmálið. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir málið geta haft áhrif á áform um sölu á Landsbankanum.

VIÐSKIPTI „Atburðarásin öll lýsir mjög ógeðfældum samskiptum í æðstu lögum í fjármálakerfinu sem kalla á spurningar um þann kultúr sem þar viðgengst. Við eigum ekki að setta okkur við að hefðbundin síðalögmál sem við teljum að séu edlilega virk í viðskiptum gildi ekki í fjármálakerfinu,“ segir Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, um Borgunarmálið.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, sagði í samtali við Ríkisútvarpið í gær að augljóst væri að sala Landsbankans á um 32 prósent hlut sínum í Borgun í nóvember 2014 hefði verið klúður þegar bankinn sjálfur

hefði sagt að hann þyrfti að breyta verklagi sínu.

„Það sem mér finnst mjög alvarlegt við þetta er að þetta truflar starfsfriðinn í Landsbankanum, þetta getur líka haft áhrif á áform okkar um að huga að sölu á bankanum,“ segir fjármálaráðherra.

Árni Páll segist ánægður með að sjá að ráðherrann taki undir mikilvægi þess að tekið sé á málinu af mikilli alvöru. Viðbrögðin hjá Landsbankanum hafi framan af verið þannig að þau bentu ekki til þess að menn myndu taka málið alvarlega.

Árni Páll segir að það hljóti núna að vera Bankasýslunnar, sem fer með eigendavaldið, að

meta það hvaða svigrúm sé til að bregðast við. Þá hafi Alþingi eftirlitsvald í gegnum stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd og það vald þurfi að nýta. Nefndin hafi ákveðið að biða með viðbrögð þangað til Bankasýslan hefur komist að niðurstöðu.

Árni Páll segist telja að atburðarásin öll og viðbrögð Bjarna í gær staðfesti staðhæfingu sína frá 20. janúar um að bankinn væri rúinn trausti. „Það stendur eftir enn. Þetta er verðmæt eign, þetta er verðmætur banki, og það er bara mjög brýnt að það traust verði endurreist.“

Erlendur Magnússon stjórnarformaður og Haukur Oddsson, for-

Þetta er verðmæt eign, þetta er verðmætur banki, og það er bara mjög brýnt að trausti verði endurreist.

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar



stjóri Borgunar, sendu Steinþóri Pálssyni, bankastjóra Landsbankans, bréf í gær vegna fyrirspurnar sem Steinþór hafði beint að fyrirtækinu. Fyrirspurnin laut að upplýsingum um hvort stjórnendur Borgunar hefðu haft vitneskju

um rétt fyrirtækisins til greiðslna í tengslum við mögulega yfirtöku Visa Inc. á Visa Europe. Þar kemur fram að Borgun hafi fyrst fengið upplýsingar um greiðslur vegna yfirtöku Visa Inc. á Visa Europe 21. desember síðastliðinn. Greiðslan sem kom í hlut Borgunar sé þriðætt.

Það eru í fyrsta lagi 33,9 milljónir evra í reiðufé, sem samsvara um 4,8 milljörðum króna. Í öðru lagi 11,6 milljónir evra í forgangshlutabréf eða um 1,6 milljarðar króna. Þær greiðslur nema þá samtals 6,4 milljörðum. Að auki er afkomutengd greiðsla árið 2020 sem mun taka mið af afkomu Visa Europe á næstu árum.

jonhakon@frettabladid.is

Ahluwalia neitar að yfirgefa flugvöll

MEXÍKÓ Leikarinn Waris Ahluwalia er nú í setuverkfalli á Mexíkóflugvelli eftir að hafa neitað að fjarlægja af sér túrban til að fljúga heim til Bandaríkjanna með flugfélaginu Aeromexico.

Ahluwalia er síki og rækir því trú sína með því að hylja hárið með túrban og rækta skegg sitt.

Honum var neitað um að fara um borð í flugvélina eftir að hafa neitað að fjarlægja túrbaninn.

Eftir að fréttir af þessu komust í hámmáli bauð Aeromexico Ahluwalia ókeypis flugmiða til Bandaríkjanna sem hann afþakkaði. Þá hefur hann einnig afþakkað boð annarra flugfélaga og dvelur nú á flugvellingum í Mexíkó.

„Á þessum tímupunkti átta ég mig á því að þetta snerist ekki um mín eigin þægindi,“ sagði hann í samtali við The Washington Post. „Ég geri mér grein fyrir því að ef að ég bakka með þetta er það bara einhver annar sem þarf að ganga í gegnum þessa upplifun seinna.“



Ahluwalia hefur meðal annars leikið í myndum Wes Anderson. NORDICPHOTOS/AFP

Algennt er að síkum sé mismunandi á þennan hátt en þeim er gjarnan ruglað saman við múslima en trúarbrögð síka sem er eingyðistru má rekja til Indlands.

Fjölmargir síkar hafa eflaust lent í sömu hremmingum og Ahluwalia en að þessu sinni hefur þetta vakið töluverða athygli í fjölmiðlum vestanhafs. Ahluwalia er fyrirsæta og leikari. – srs

Aðalfundur FEB árið 2016



Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni verður haldinn fimmtudaginn 18. febrúar 2016 og hefst kl. 15.30 í Ásgarði, Stangarhyl 4, Reykjavík.

Dagskrá fundarins:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári
3. Ársreikningar félagsins fyrir árið 2015 ásamt fjárhagsáætlun 2016
4. Lagabreytingar
5. Kosning stjórnar
6. Afgreiðsla tillagna og erinda
7. Ákvörðun um árgjald félagsmanna árið 2016
8. Önnur mál

Fundurinn verður haldinn, sem fyrr segir, fimmtudaginn 18. febrúar og hefst kl. 15.30. Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna og taka með sér félagsskirteini fyrir árið 2015 (blátt skirteini).

Stjórn FEB - Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

Nýr Hyundai Santa Fe

Fjór hjóladrif, sjálfskipting, 200 hestafla dísilvél



ENNEEM / SIA / NM71837

Hyundai Santa Fe er glæsilegasti bíllinn í Hyundai fjölskyldunni. Nýr Santa Fe er nú með 200 hestafla, 2,2 lítra dísilvél og fjölda tæknilegra öryggisatriða sem auka öryggi og auðvelda ökumanni að bregðast rétt við mismunandi aðstæðum. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai Santa Fe með fimm ára ábyrgð.

Hyundai Santa Fe - Verð frá 7.090.000 kr.



NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.



Dísilvél 2,2 lítrar, 200 hestöfl, eldsneytisnotkun 8,9 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð.
*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kaupþúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is

BRODDAR

Frá snjókeðjuframleiðandanum Veriga



Fjallgöngubroddar

- 13 punkta broddar
- Askja fylgir með
- Soðin samskeyti
- Sterkar lamir
- Ryðfrítt stál
- Frostþolið gúmmí
- Stærðir S (33-36), M (37-40), L (41-44), XL (45-48)

Verð 5900 kr.



Sterkir utanslóðabroddar

- Góðir utanslóðabroddar
- Geymslupoki með beltastöngu
- Soðin samskeyti
- Ryðfrítt stál
- Stærðir S (33-36), M (37-40), L (41-44), XL (45-48)

Verð 5490 kr.



Innanbæjarbroddar

- Henta við hálar aðstæður
- 10 punktar veita hámarks grip
- Passa á flestar gerðir skófatnaðar
- Hágæða gúmmiteygja
- Auðveldir í notkun
- Geymslupoki fylgir
- Stærðir M (36-41), L (39-46), XL (45-48)

Verð 2890 kr.



Grófir innanbæjarbroddar

- Gripa vel í hálfu
- Grófir án gadda
- Fara innfyrir þröskuld án þess að skemma gólf (t.d. verslanir)
- Stærðir M (36-41), L (41-44,5), XL (45-48)

Verð 6490 kr.



GG-sport

Smíðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópvogi,
sími: 571 1020 • www.ggsport.is

Pú finnur allar okkar vörur ásamt ítarlegum upplýsingum á www.ggsport.is



Samkvæmt greininni virðast konur oftast þolendur hrellikláms og karlar gerendur. Reiðir fyrirverandi kærastar eru erkitýpunar sem deila myndefni en einnig eru dæmi um að myndum sé dreift án þess að illvilji liggja þar að baki. NORDICPHOTOS/GETTY

Dómar falla þótt lög skorti um hrelliklám

Óleyfileg kynferðisleg myndbirting er daglegt brauð á internetinu. Fórnarlömb skammast sín oft of mikið til að kæra. Alþingi er langt á eftir tækninni í lögfestingu refsinga. Stundum liggur skemmtun eða gróðavon að baki hrellikláminu.

DÓMSMÁL Nokkrir dómar hafa fallið hér á landi í svokölluðum hrelliklámsmálum þrátt fyrir að Alþingi hafi ekki skilgreint hugtakið í lögum eða sett því refsiramma. Erfitt getur reynt að heimfæra hrelliklám upp á núgildandi lagaákvæði.

Þetta kemur fram í grein Kolbrúnar Benediktsdóttur varaheráðsaksóknara og Þorbjargar Sigríðar Gunnlaugsdóttur, sviðsstjóra lögfræðisviðs Háskólans á Bifröst, sem birtist í Úlfjótí, tímariti lagana, nýverið.

„Ekkert Norðurlandanna hefur skilgreint hrelliklám í lögum en umræðan er í gangi alls staðar. Okkar löggjafi er veik varðandi friðhelgisbrot og þess vegna höfum við á Íslandi verið að heimfæra þessa háttsemi upp á kynferðisbrot. Þetta er árás á þinn kynferðislega sjálfsákvörðunarrétt en þetta er líka gróft brot á friðhelgi einkalífs,“ segir Þorbjörg.

Hún telur að skilgreining brotsins í lögum ætti ekki að vera flókin. Það þurfi einungis pólitíska ákvörðun um að veita þessu broti sess í lögum. „Ég held ekki að það vanti pólitískan vilja til að skilgreina þetta heldur er þetta nýr veruleiki sem menn standa frammi fyrir. Löggjafinn er hægt og rólega að vakna til vitundar en á sama tíma eru lögregla og ákærvald fyrir löngu farin að fást við þetta.“

Þorbjörg segir að það geti flækt rannsókn slíkra mála að þurfa að beita öðrum lagaákvæðum til að

Niðurlægja fyrirverandi á Facebook

Í mars á síðasta ári var karlmaður dæmdur í 60 daga skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Austurlands fyrir að birta fimm nektarmyndir af fyrirverandi kærstu sinni á Facebook og „tagga“ hana á myndunum. Þannig gátu allir vinir hans og allir vinir hennar á samfélagsmiðlinum séð myndirnar. Dómurinn sagði að með myndbirtingunni hefði maðurinn brotið gegn blygðunarsemi stúlkunnar en hafnaði því að um miska gegn fyrirverandi maka væri að ræða, þrátt fyrir að þau sem að málinu komu hefðu verið kærustapar í eitt ár.

ná utan um brotið. „Í einhverjum tilvikum getur hefndarklám birist lögreglu á þann veg að mörkin eru orðin óljós. Í upphafi hefur kynferðislegt myndband verið tekið og eftir samband er það notað með hótunum um að það fari í dreifingu ef þolandinn kemur ekki aftur til að hafa samfarir eða gera það sem brotamaðurinn vill að hann geri. Hótunin um að dreifa myndefninu er þá verknáðaraðferð til þess að ná fram kynferðisbroti. Þannig gæti hefndarklámið orðið nauðgun.“

Í greininni kemur fram að hugtakið hefndarklám, sem er á góðri leið með að festa sig í málvitund Íslendinga, geti verið villandi. Í einhverjum tilfellum sé engin hefnd til staðar heldur sé myndum eða myndböndum dreift til skemmtunar af hálfu þeirra sem eru að dreifa því eða til að afla fjár.

Í greininni er tekið dæmi um íslenskt par sem fór út að skemmta sér og hafði samfarir á almanna-færi. Einhver ókunnugur tók

Það hefur verið látið reyna á að þarna sé hótun til að ná fram kynmökum. Þannig er hefndarklámið orðið nauðgun.



Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, sviðsstjóri lögfræðisviðs Háskólans á Bifröst

myndband af atlotunum sem á örskömmum tíma fór í dreifingu á samfélagsmiðlum. Áður en kvöldinu lauk hafði mikill fjöldi fólks séð myndbandið, þar á meðal vinir fólksins.

„Ég upplifi það þannig með hefndarklámið að eins og með önnur kynferðisbrot eru brotþolar feimnir að koma með þessi mál fram.“ snaeros@frettabladid.is

Gætu fljótlega framleitt plútóníum

NORDUR-KÓREA Bandaríska leyniþjónustan telur að stjórnvöld í Pjongjang hafi endurræst kjarnaofn sem hefur burði til að framleiða plútóníum í kjarnorkuvopn.

Norður-Kóreumenn lýstu því yfir í september að kjarnorkuverið í Jongbjon hefði verið endurræst.

Síðastliðinn laugardag skaut Norður-Kórea á loft eldflaug sem hefur getu til að bera kjarnorkuvopn.

Sérfræðingar bandarísku leyniþjónustunnar telja að ofninn hafi verið virkur nægilega lengi til að fyrstu plútóníumafurðirnar verði klárar innan fárra vikna eða mánaða.

Fjögur kíló af plútóníumi þarf til að gera sprengju sem hefur sprengigetgu upp á tuttugu kílótonn. Til samanburðar var „Feiti maðurinn“, sprengjan sem grandaði Nagasaki árið 1945 plútóníumsprengja með sprengigetgu upp á 20 til 22 kílótonn.

Yfirvöld í Norður-Kóreu lofuðu árið 2008 að draga úr starfsemi Jongbjon-kjarnorkuversins og sprengdu meðal annars í loft upp kælituren versins. Síðan þá hafa Norður-Kóreumenn þó haldið áfram kjarnorkutilraunum sínum og hlotið þyngri refsingar af hálfu Sameinuðu þjóðanna fyrir vikið.

– srs



Útsending frá niðurrífi Jongbjon-kjarnaofnsins 2008. NORDICPHOTOS/AFP

Við bjóðum upp á mikið úrval af gæða málningu og málningarverkfærum á góðu verði!

Til dæmis hefur Sadolin valið tískuliti fyrir vorið 2016, þá og fleiri til finnur þú hjá okkur, byrjaðu verkið á réttum stað.



Sadolin **4.995,-**

Loftmálning, 10 l
Þægileg í notkun og ýrist ekki. Má einnig nota á veggjum sem verða ekki fyrir miklu hnjaski. Gljástig 2.



Sadolin **7.495,-**

V Super 40 akrýllakk, 2,5 l
Hálgjansandi vatnsþynnanlegt akrýllakk á tré og málma. Gljándi og slitsterkt yfirborð. Frábær flothæfni. Gljástig: 40%.



Sadolin **9.995,-**

AD EIGIN VALI – 10 L

- 1 Innimálning, mött 5**
Heilmött. Svansmerkt innanhúss-málning fyrir veggjum. Einstök gæðamálning sem er auðveld í notkun og þekur vel.
- 2 Innimálning hálfmött 20**
Gljástig 20. Hentar á fleti sem þurfa traust, slitþolið yfirborð sem auðvelt er að þrifa. Hvít og má blanda í mörgum litum.
- 3 Innimálning mött 10**
Mött. Svansmerkt gæðainnimálning. Auðveld í notkun, slitsterk og þolir hnjask og endurtekin þríf vel.
- 4 Innimálning xtramatt**
Gljástig 5. Heilmött, rispast ekki auðveldlega og hægt að þrifa af henni erfiða bletti. Hægt að blanda í þúsundum litum.



Platinum lakkpensill
Einstaklega slitsterkur pensill sem dregur vel í sig lit og þekur vel, sem sparar mikinn tíma. Breidd 5 cm.



ANZA **1.295,-**

Elite lakkpensill
Hentar vel til að mála hurðir og tréverk. Þessi pensill er hannaður fyrir nákvæmnisvinnu og gefur lýtalausa lokaáferð, án allra pensilfara. Breidd 3,5 cm.



7 cm.1.495,-
10 cm.1.645,-

ANZA **895,-**

Elite málningarrúllusett
Málningarsett fyrir veggjum og loft. Skaft með mjúku gripi og 25 cm málningarbakki.



ANZA **1.795,-**

Elite Maxi málningarrúllusett
Rúllusett með sérlega handhægu skafti og bakka. Elite Maxi rúlla fyrir slétta fleti. Hentar vel til notkunar innanhúss, til að mála veggjum, gólf og loft.



ANZA **1.995,-**



Upplýsinga beðið úr svörtu kössunum

Eitt versta lestarslys í sögu Þýskalands varð í Bæjaralandi í gær, skammt frá bænum Bad Aibling. Að minnsta kosti tíu létu lífið og sautján slösuðust alvarlega. Björgunarfólk átti erfitt með að komast að slysstaðnum. Ekki er vitað af hverju lestin var á sömu teinunum.

ÞÝSKALAND Að minnsta kosti tíu manns létu lífið og sautján slösuðust alvarlega þegar tvær járnbrautarlestir rákust á í Þýskalandi í gærmorgun. Tölurnar miða við stöðuna síðdegis í gær. Sextíu og þrjú hlutu minni meiðsli.

Þetta er eitt versta lestarslys í sögu Þýskalands.

Orsakir árekstursins voru enn óljósar í gær, en beðið var upplýsinga úr svörtu kössunum svokölluðu úr báðum lestunum. Í hvorri lest eru þrjú kassar með búnaði sem skráir allar upplýsingar um ferðir lestanna. Síðdegis í gær var búið að finna tvo kassanna.

Áreksturinn varð skammt frá bænum Bad Aibling í Bæjaralandi, ekki langt suðaustur af München, á kafla þar sem lestarteinarnir eru einfaldir þannig að ekki er hægt að mætast.

Engin skýring hafði í gær fengist á því hvers vegna báðar lestin var þar á ferðinni á móti hvor annarri. Þær virtust hafa lent saman á fullri ferð, án þess að reynt hafi verið að hægja á, því fremsti vagn annarrar lestarinnar klauf hliðina af fremsta vagni hinnar lestarinnar.

Lestarstjórnir hafi því varla haft nokkra vitneskju um að önnur lest væri að nálgast.

Ef báðar lestin hefðu verið á áætlun, á leiðinni milli Kolbermoor og Rosenheim, þá hefði önnur verið komin af einföldu brautarleiðinni áður en hin færi inn á hana.

„Nú þarf að rannsaka af hverju vikið var frá áætluninni,“ höfðu þýskir fjölmiðlar í gær eftir Joachim Hermann, innanríkisráðherra landstjórnarinnar í Bæjaralandi.

Ekki var vitað nákvæmlega á hvaða hraða lestunum var ekið, en hámarkshraði á þessum stað er 100 kílómetrar á klukkustund, en þarna er lestunum ekið um skóglendi þar sem útsýni fram eftir teinunum er lítið.



Hrikaleg aðkoma var á slysstað í Bæjaralandi í gærmorgun þar sem tvær lestin rákust framan á hvor aðra á fullri ferð. Þá var óhægt um vik fyrir björgunarlið því enginn vegur liggur á staðinn. Lán var þó í óláni að færri börn voru um borð en alla jafna út af vetrarfríðögum vegna yfirstandandi kjótkveðjuhátiðar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Í Bæjaralandi eru þessa dagana vetrarfríðagar vegna kjótkveðjuhátiðar, sem varð til þess að óvenju fá skólabörn voru á ferðinni með lestunum.

Björgunarfólk var komið að slysstaðnum innan fárra mínútna eftir að slysið varð, en erfitt var að komast að slysstaðnum þar sem teinarnir lágu þar á milli skóglendis

og árinna Mangfall, sem rennur fram hjá Bad Aibling til bæjarins Rosenheim, sem er þar skammt frá. Um fimm hundruð manna björgunarlið var á staðnum, en notast þurfti við þylur til að ná látnum og slösuðum af slysstaðnum vegna þess að þangað liggur enginn akvegur.

gudsteinn@frettabladid.is

Nú þarf að rannsaka af hverju vikið var frá áætluninni.



Joachim Hermann, innanríkisráðherra landstjórnarinnar í Bæjaralandi

100

kílómetra hámarkshraði er á leiðinni milli Kolbermoor og Rosenheim.

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Skorri ehf. leitar að laghentum framtíðarstarfsmanni í afgangi og þjónustustörf.

Þarf að geta byrjað sem fyrst. Vinnutíminn er mán-fös 08:15-17:30.

Umsóknir sendist á netfangið metta@toyota.is fyrir 17. febrúar 2016. www.skorri.is



Lyfsalar vilja veita sjúklingum afslátt vegna lyfjakaupa en geta það ekki í núverandi kerfi Sjúkratrygginga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Óbreytt vinnulag lyfsala

HEILBRIGÐISMÁL Sjúkratryggingar Íslands ætla ekki að breyta vinnulagi sínu við útreikning á greiðsluþátttöku við lyfjakaup sjúklinga þrátt fyrir að umboðsmaður Alþingis hafi sagt framkvæmdina ekki eiga sér nægilega sterka lagastoð. Lyfsalar vilja veita sjúklingum afslátt af lyfjakaupum en geta það ekki í núverandi kerfi Sjúkratrygginga.

Steingrímur Ari Arason, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands, segir málið á borði velferðarráðuneytisins. Velferðarráðuneytið skoði nú endurskoðun lyfjalaga, laga um sjúkratryggingar og umrædda reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í lyfjakostnaði. „Við hjá Sjúkratryggingum höfum ekki breytt okkar verklagi eftir álit umboðs-



Steingrímur Ari Arason, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands

manns Alþingis. Við vinnum áfram eftir lögum og reglugerðinni sem byggir á lögum um sjúkratryggingar,“ segir Steingrímur Ari.

Umboðsmaður segir framkvæmdina ekki í fullu samræmi við lög. „Það eru því tilmæli mín til heilbrigðisráðherra að gerðar verði breytingar á þessari framkvæmd þannig að hún samrýmist gildandi lögum,“ segir í álit umboðsmanns.

–sa

Nú fáanlegur **sjálfskiptur** með
margverðlaunuðu EcoBoost vélinni
frá aðeins **3.390.000 kr.**



NÝR FORD FOCUS

› Ford Focus er Íslendingum kunnur fyrir framúrskarandi gæði, frábæra aksturseiginleika og hagkvæmni í rekstri.

Nú er kominn nýr Ford Focus sem hefur verið endurhannaður bæði að innan og utan. Fjöðrunin er jafnframt ný, staðalbúnaðurinn mikill og hann er fáanlegur með margverðlaunuðu EcoBoost vélinni sem hefur verið valin vél ársins (e. International Engine of the Year), þrjú ár í röð.

Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Focus, mest selda bíls heims - komdu og prófaðu

FORD FOCUS

BEINSKIPTUR

FRÁ **3.190.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR

FRÁ **3.390.000** KR.

FORD FOCUS ER EINNIG FÁANLEGUR
STATION FRÁ 3.350.000 KR.



ford.is



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ný kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína. Eins má nefna endurbætta Bílastæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhliða og þvert á akstursstefnu. Að auki er nú fáanlegt GPS leiðsögukerfi með Íslandskorti. Ford Focus er jafnframt eini bíllinn sem hefur hlotið fjögur öryggisverðlaun frá Euro NCAP. Nýi Ford Focus hlaut einnig titilinn „Besti bíllinn“ í flokki meðalstórra fjölskyldubíla eftir að hafa fengið fullt hús stiga í öryggis- og árekstraprófunum Euro NCAP. ♦ Ford Focus, EcoBoost bensín 125 hð. 6 gíra beinskiptur/sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/5,5 l/100 km. CO₂ losun 108/125 g/km. ♦ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Með tónlistina að vopni



1



2

Elizabeth Njoroge stjórnar sinfóníuhljómsveit ungs fólks í einu stærsta fátækrahverfi Nairóbíborgar í Kenía. Hún er sannfærð um að klassísk tónlist hjálpi unga fólkinu að fóta sig í lífinu.

1. Tveir sellóleikarar í Ghetto Classics, sinfóníuhljómsveit ungs fólks í fátækrahverfinu Korogocho í Nairóbí, æfa sig ásamt stjórnandanum, Elizabeth Njoroge. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

2. Einbeitingin skín úr andlitum fjöluleikaranna í Ghetto Classics þar sem þeir eru á hljómsveitaræfingu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

3. Bäsúnuleikararnir í Ghetto Classics sjást hér á vikulegri æfingu í kirkju heilags Jóhannesar í Nairóbíborg. Í hljómsveitinni eru um 40 hljóðfæraleikarar, en auk þess er í tengslum við hana starfrækt tónlistarkennsla fyrir um 600 nemendur í Nairóbí allri. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

4. Strákur í Korogocho-fátækrahverfinu í Nairóbí að kaupa sér eitthvað í verslunarlúgu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

5. Inngangurinn að kirkju heilags Jóhannesar í Korogocho-fátækrahverfinu í Nairóbí, höfuðborg Kenía. Þar er sem áður segir starfræktur tónlistarskóli fyrir unga hljóðfæraleikara í Nairóbí og þar eru haldnar vikulegar æfingar hjá hljómsveitinni Ghetto Classics, sem Elizabeth Njoroge stjórnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



3



6



5

GERÐU ÞIG AÐ
VERÐMÆTARI
STARFSKRAFTI

MARKAÐS- OG SÖLUNÁM GRAFÍSK HÖNNUN VEFSÍÐUGERÐ

FJARKENNSLA
Í BEINNI

MARKAÐS- OG SÖLUNÁM – hraðferð

Með sérstakri áherslu á stafræna markaðssetningu. Skemmtilegt en um leið krefjandi einnar annar nám fyrir þá sem vilja afla sér öflugrar þekkingar á sviði markaðs- og sölumála. Hér fléttast saman gamalgróin sölu- og markaðsfræði við nýjustu tækni sem í boði er. Nemendur fara m.a. yfir námstækni, sölutækni, markaðsfræði, Google AdWords, Google Analytics og Facebook sem markaðstæki.

Hefst: **16. feb.** • Lýkur: **26. maí** • Tími: **Kvöldhópur**
Lengd: **156 std.** • Verð: **174.000 kr.** • **Staðnám og fjarkennsla í beinni.**

STÖK NÁMSKEIÐ

	LENGD	VERÐ
WordPress – Vefurinn minn	26 std.	39.000 kr.
Photoshop 2	36 std.	69.000 kr.
Photoshop fyrir byrjendur	21 std.	39.000 kr.
Dreamweaver HTML og CSS	52 std.	66.000 kr.
Illustrator	36 std.	69.000 kr.
InDesign	31 std.	64.000 kr.
Gerð stafrænna auglýsinga fyrir sjónvarp og vef	31 std.	65.000 kr.
Facebook sem markaðstæki	7 std.	49.000 kr.
Leitarvélamarkaðssetning með Google AdWords	12 std.	78.000 kr.
Vefgreining með Google Analytics	6 std.	39.000 kr.
Tölvupóstmarkaðssetning	6 std.	39.000 kr.

”Námið var fjölbreytt, skemmtilegt og mun án efa nýtast mér vel í framtíðinni. Ég var í fullri vinnu með náminu, en námið var svo vel uppsett að það gekk allt saman upp. Promennt fær fullt hús stiga hjá mér, skólinn er með fyrsta flokks kennara og starfsfólk. Takk fyrir mig.“
Sonja G. Ólafsdóttir, markaðs- og sölunám.

MYNDBANDAVINNSLA / ADOBE PREMIERE PRO

Afar gagnlegt námskeið fyrir þá sem hafa áhuga á að búa til og vinna með myndbönd. Kennt er á Adobe Premiere Pro sem er talið eitt fullkomnasta forritið í klippingu og í allri eftirvinnslu myndbanda.

Hefst: **8. mars** • Lýkur: **24. mars** • Tími: **Kvöldhópur**
Lengd: **31 std./6 skipti** • Verð: **59.000 kr.**
Staðnám og fjarkennsla í beinni.

Pr

GRAFÍSK HÖNNUN

Grafísk vinnsla fyrir byrjendur sem vilja læra að hanna markaðsefni sjálfir eða fólk sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi, t.d. á háskólastigi. Nemendur læra á Photoshop, Illustrator og InDesign og að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller. Kennslan byggir á fyrirlestrum og verklegum æfingum.

Hefst: **29. mars** • Lýkur: **26. maí**
Tími: **Kvöldhópur**
Lengd: **105 std.** • Verð: **179.000 kr.**
Staðnám og fjarkennsla í beinni.

Ps Ai Id

”Ég var mjög ánægð með námskeiðið Grafísk hönnun hjá Promennt og hefur það nýst mér vel í mínu starfi. Reyksla og þekking kennarans, umfram námsefnið, var ákaflega nytsamleg og sýndi okkur ferlið frá upphafi myndvinnslu, hönnunar og umbrots til prentunar á mjög skipulagðan og skýran hátt. Ég gef námskeiðinu því mín bestu meðmæli.“
Íris Magnúsdóttir, Grafíks hönnun.

Skúffan í ráðuneytinu



Fanney Birna Jónsdóttir

fanney@frettabladid.is

Þrátt fyrir að öll opinber þjónusta hafi fengið að finna verulega fyrir vel brýndum niðurskurðarhnífnum undanfarnin ár lifir furðuliðurinn „Ráðstöfunarfé ráðherra“ enn af á fjárlögum. Þannig er gert ráð fyrir að á þessu ári muni rúmar 40 milljónir af skattfé renna til ráðherranna sem síðan úthluta þessu fé eins og þeim sýnist.

Fréttablaðið segir í dag frá því að einn sitjandi ráðherra hafi styrkt einkafyrirtæki um hálf milljón vegna komu kinnverskra sjónvarpsmanna. Ráðherrar hafa styrkt kórastarf, útgáfu bóka, kvikmyndagerð, hljóðritun laga svo eitthvað sé talið.

Sitjandi ríkisstjórn er svo sannarlega ekki barnanna verst, meira að segja hefur verið skorið verulega niður í þessum fjárlagalið síðustu ár, ekki sist eftir hrun. Þessi undarlegu fjárútlát ríkisins hafa tíðkast í meira en tuttugu ár og voru oft og tíðum mun grófari en nú. Í könnun Kastljóss árið 2009 kom í ljós, öllum að övörum, að ráðherrar voru í miklum mæli að úthluta tugum milljóna í eigin kjördæmi.

Ljóst er að oftar en ekki virðast úthlutanir ráðstöfunarfjár lítið sem ekkert koma málaflökkum ráðherranna við. Um er að ræða mikið af lágum úthlutunum sem virka vel til að kaupa sér vinsældir hjá kjósendum og fylgismönnum heima í héraði.

Um þessar úthlutanir gilda engar reglur, nema reglur sem þáverandi forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, samþykkti árið 2012, en samkvæmt þeim er heimilt að styrkja málefni og verkefni sem „stuðla að framgangi íslenskra hagsmuna og til almannaheilla“. Í reglum Jóhönnu sagði að öllum væri heimilt að sækja um styrki til hvers og eins ráðuneytis. Þessi opna fjárlagaheimild hefur í praxis þýtt að ráðherrum er í raun heimilt að ráðstafa þessu fé algjörlega viðmiðalaust til málefnis að eigin vali.

Hvort sem reglur Jóhönnu gilda enn eður ei um þessa ráðstöfun opinbers fjár er ljóst að umgjörðin er lítil sem engin. Ekki er að sjá að sækja þurfi sérstaklega um þessa styrki með fyrirfram ákveðnum hætti og þaðan af síður að eftirfylgnin með framgangi verkefnis sé einhver. Engar kvaddir eru á ráðherrum um með hvaða hætti þeim beri að úthluta þessu fé.

Nánast undantekningarlaust eru þau verkefni sem fá notið náðar ráðherra þess verð samkvæmt einhverjum skilgreiningum. Sjálfsgagt má færa fyrir því rök að málin séu góð og peningunum vel varið. Þessi rangláta aðferð við útteilingu fjármunanna er hins vegar ekki góð og erfitt að koma auga á hvers vegna þessi háttur er hafður á í stað þess að setja féð í ákveðna styrktarsjóði sem allir hafa aðgang að og um gilda skýrar og gegnsæjar reglur.

Fjórutíu milljónir eru augljóslega á við skiptimynt í stóra samhengi heildarfjárhæðar fjárlaga. En á tímum þar sem hver ríkisstofnunin, sem með réttu eða röngu, kvartar sárlega undan fjárskorti getur andvirði veglegrar blokkaribúðar gert kraftaverk. Það er til dæmis hægt að ráða aðstoðarmann í hálf starf í sex ár fyrir þessa fjárhæð.



Þessi opna fjárlagaheimild hefur í praxis þýtt að ráðherrum er í raun heimilt að ráðstafa þessu fé algjörlega viðmiðalaust til málefnis að eigin vali.

Fjárfestingatækifæri

Þekkt bílaleiga til sölu !

Fyrirtækið hefur verið byggt upp á liðnum árum samhliða aukinni eftirspurn ferðamanna.


Fyrirtækið hefur skapað sér ákveðna sérstöðu á markaðnum og er meðal stærstu bílaleiga landsins.

Fyrirsjáanlegur er mikill vöxtur í greininni.

Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál og óskast þær sendar til;

Fremst@simnet.is - Merkt „sterk framtíð 1208“

Halldór



Frá degi til dags

Skúffubýggðapot

Svokallað skúffufé ráðherra hefur oft á tíðum ratað á síður fjölmiðla þar sem ráðherrar hafa veitt fé til hinna ýmsu málefna. Oft á tíðum eru úthlutanir af skúffufé ráðherra ógagnsæjar og leikreglur um þær óskýrar. Það er sjálfsgagt að ráðherrar hafi úr að spila einhverjum fjárhæðum í málaflökk sinn. Hins vegar hlýtur það að teljast skrytið að ráðherrar veiti hundruð þúsunda í kórastarf inn í kjördæmi eða annars konar byggðapot sem koma þeim vel á sínum heimasvæðum. Hér er auðvitað um að ræða útteilingu almannaþjár og því þurfa að gilda um þær strangar reglur.

Aðstoðarmenn ráðherra

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra réð til sín aðstoðarmann í vikunni. Um er að ræða 22 ára nema. Margir hafa efast um hæfni mannsins, Gauta Geirssonar, sökum aldurs hans. Í sjálfu sér skiptir ekki nokkru máli hversu gamall maðurinn er. Það sem hins vegar er áhugavert er að þetta er í fyrsta sinn, svo undirritaður viti til, að aðstoðarmaður sé ráðinn í hálf stöðu. Því er hér um nýjung að ræða. Hins vegar verður að hrósa ráðherrum fyrir kynjadreifingu aðstoðarmanna. Af fimmtán aðstoðarmönnum eru átta þeirra karlar. Eygló Harðardóttir er nú á höttunum eftir aðstoðarmanni og því væri ákjósanlegt ef kona yrði fyrir valinu hjá Eygló.

sveinn@frettabladid.is

Takk, Magnús og Fréttablaðið



Silja Dögg Gunnarsdóttir þingmaður Framsóknarflokksins og fulltrúi í velferðarnefnd

Leiðara Fréttablaðsins, Skoðun, þann 1. febrúar sl., skrifar Magnús Guðmundsson lipurlega um áfengisfrumvarpið sem nú liggur fyrir Alþingi. Rati frumvarpið í atkvæðagreiðslu segir hann svo um þingmenn: „Hver um sig getur sagt já og sett hagsmunir frjálsrar smávörverslunar á oddinn eða greitt atkvæði á forsendum lýðheilsu og minni kostnaðar fyrir heilbrigðiskerfið og sagt nei.“ Takk, Magnús, fyrir þessi orð. Í þeim hverfist sannleikur þessa máls. Allar rannsóknir benda til þess sama, að með auknu aðgengi fylgi aukinn áfengisvandi og minni lýðheilsa. Aðgengi er því lykilorð. Rannsóknir þessar hafa haft áhrif á stefnumótun í flestum þróuðum ríkjum, þ. á m. á Íslandi. Hvaða stefnu hafa stjórnvöld á Íslandi þá hvað varðar aðgengi að áfengi? Jú, sú stefna er skýr og endurspeglast í þeirri stefnu sem heilbrigðisráðherra hefur samþykkt og birt undir heitinu Stefna í áfengis- og vímuevörnum til ársins 2020. Stefna þessi er auðfundin á veraldarvefnum fyrir þá sem hafa áhuga. Í stefnunni eru sex yfirmarkmið og er það fyrsta eftirtalið: „Að takmarka aðgengi að áfengi og öðrum vímuegðum.“ Aðgengi er því lykilorð í stefnu Íslands. Aðgengi á að takmarka en ekki auka.

Hagsmunir

Aukið aðgengi að áfengi og þar með aukin neysla er í mótsögn við bættu lýðheilsu. Verri lýðheilsa mun íþyngja heilbrigðiskerfinu og leiða til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð. Það eru því ekki hagsmunir skattgreiðenda að frumvarpið verði samþykkt. Skattgreiðendum þykir flestum að þeir séu þíndir nóg nú þegar. Hverjir græða þá á samþykkt frumvarpsins? Jú, þær verslanir sem ætla sér að selja áfengið, það blasir við. Verði frumvarpið samþykkt verður gríðarleg pressa á að aflétta auglýsingabanni á áfengi. Tekjur af áfengisauglýsingum eru einn stærsti tekjulíður dagblaða erlendis. Því hlýtur það að vera freistandi fyrir fjölmiðla að leggja á sveif með þeim sem vilja að frumvarpið nái fram að ganga. Það er því þeim mun meiri ástæða til að þakka Magnúsi og Fréttablaðinu fyrir ofangreindan leiðara.

Kerfisbundinn launamunur fræðagreina og kynja við opinbera háskóla

Arnar Pálsson

dósent við HÍ

Erna Magnúsdóttir

rannsóknasérfræðingur við HÍ

Guðrún Valdimarsdóttir

lektor við HÍ

Hákon Hrafn Sigurðsson

prófessor við HÍ

Helga Ögmundsdóttir

prófessor við HÍ

Jórunn E. Eyfjörð

prófessor við HÍ

Ólafur S. Andrésen

prófessor við HÍ

Pétur Henry Petersen

dósent við HÍ

Sigríður Rut Frandsdóttir

lektor við HÍ

Stefán Þ. Sigurðsson

dósent við HÍ

Zophonías O. Jónsson

prófessor við HÍ

Þór Eysteinnsson

prófessor við HÍ

á ári hvað konur og karlar fá úr vinnumatskerfinu. Líklegt má telja að önnur áhrif t.d. á launaflokka og framgang í starfi séu síst minni. Ástæður gætu verið margar, t.d. aldursdreifing eða kynjahlutföll í mismunandi greinum, sem svo hafa mismunandi birtingarhefðir.

Brýnt er að greina vandlega hvað liggur að baki þessum kynjamun á greiðslum úr vinnumatskerfinu og öðrum áhrifum þess. Hvernig þessi

launamismunur hefur þróast og dafnað í skjóli sérhagsmunagæslu, stéttarfélag, háskólaráðs og vísindanefnda er verðugt rannsóknarefni í sjálfu sér. Kerfisbundinn launamunur kynja er óásættanlegur, á sama hátt og óásættanlegt er að fræðafólk sé metið eftir talningum eingöngu og það er óásættanlegt að fólk hafi áhrif á mótun stefnu sem umbunar því sjálfu, á kostnað starfsfélaga sinna.



Við opinbera háskóla á Íslandi er notast við svokallað vinnumatskerfi. Vinnumatskerfið byggir á talningum á einingum m.a. fjölda greina, tilvitnana, útskrifaðra nema, bóka o.s.frv. Kerfið hefur bein áhrif á launabónusa, launaflokk, framgöngu í starfi, eftirlaun, rétt á rannsóknarleyfum og flæði fjármagns til deilda. Kerfið er hálfgeft aðhláturs-efni á erlendri grund. Ástæðan er sú að ekki er hægt að bera saman ólíkar fræðagreinar eða einstaklinga sem takast á við ólík viðfangsefni með talningum á greinum.



Athyglisvert er að margir er koma beint að jafningjastjórnun vísindastarfs (að sjálfsögðu allt virt og virkt fræðafólk) hagnast beint eða óbeint á kerfinu og eiga því erfitt með að gagnrýna það.

Þrátt fyrir mikla gagnrýni í gegnum tíðina hafa fáar breytingar verið gerðar til bóta. Kerfið var hannað til að meta framlag í rannsóknum og launa ritvirkni, en er nú notað til að útteila margvíslegum gæðum og peningum innan háskóla og hefur bein áhrif á laun. Nú stendur yfir úttekt á vinnumatskerfinu og jákvæðum og neikvæðum afleiðingum þess. Margir koma að þessari úttekt og sýnist sitt hverjum. Sýn manna stjórnast eðlilega nokkuð af því hve mikið viðkomandi fær í sinn hlut úr kerfinu.

Athyglisvert er að margir er koma beint að jafningjastjórnun vísindastarfs (að sjálfsögðu allt virt og virkt fræðafólk) hagnast beint eða óbeint á kerfinu og eiga því erfitt með að gagnrýna það. Einnig eru í nefndum sem eiga að meta kerfið innan frá, aðilar úr fögum þar sem birtingartíðni er há. Það er nokkuð ljóst að þessir aðilar eru vanhæfir, í skilningi stjórnsýslulaga, til að meta og móta kerfið, þar sem þeir eiga beinna og óbeinna fjárhagslegra hagsmuna að gæta. Úttektin sem nú stendur yfir er því meingölluð. Besta leiðin til að meta kerfið hlutlægt og vísindalega er utanaðkomandi mat erlends vísindafólks, án þess að byggt sé á sjálfsmati kerfisins og þeirra sem það þjónar. Við og fleiri höfum itrekað bent á þetta.

Konur fá minna greitt en karlar
Annar athyglisverður eiginleiki vinnumatskerfisins er sá að konur fá minna greitt en karlar. Tölur úr vinnumatssjóði Félags háskólakennara sýna að það munar að meðaltali hundruðum þúsunda

HLEÐSLA 100%
ÍPRÓTTADRYKKUR HÁGÆÐA
PRÓTEIN

TILBOÐ

NÚ FÆRÐU 6 FERNUR Í KIPPU Á VERÐI FJÖGURRA



HLEÐSLA.IS

Baðherbergisdagar!

gala 30 ár á Íslandi

Gala baðkör með fótum verð frá 26.481



Ljósaspeglar
verð frá 27.900



Handklæðaofnar
verð frá 11.671



Salerni frá
Ceramics gala
30 ár á Íslandi



WC í vegg/gólf með mjúkloku
verð frá 31.519

Upphengt WC með mjúkloku
verð frá 45.430 settið



Blöndunartæki og handlaugar í miklu úrvali



Line innréttingar með postulínshandlaug verð frá 47.362



Sturtuhorn með botni verð frá 37.810

Gæði, úrval og gótt verð!

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is 

**INNRETTINGAR
& TÆKI**

- fyrir þitt heimili

Póstdreifing


Við látum það berast



ÞÚ NÆRÐ TIL FJÖLDANS MEÐ OKKUR

FJÖLPÓSTUR er sterkur og áhrifaríkur auglýsingamiðill sem skilar ítarlegri upplýsingum til neytenda en hefðbundnar auglýsingar.

61% LANDSMANNA LESA FJÖLPÓST
22% AF ÞEIM KAUPA AUGLÝSTA
VÖRU EÐA ÞJÓNUSTU



„Ég hef verið í viðskiptum við Póstdreifingu í árabíl og alltaf fengið fyrsta flokks þjónustu.“

Guðbjartur
Finnbjörnsson
Ritstjóri Lifandi vísinda

VIÐ GETUM
AÐSTOÐAÐ VIÐ
AÐ NÁ ÁRANGRI
VIÐ DREIFUM INN
Á 80.000 HEIMILI
SEX DAGA
VIKUNNAR

www.postdreifing.is

FRÉTTABLAÐIÐ
SPORT

**16. desember 2001
til 30. janúar 2002**

Eiður Smári Guðjohnsen með Chelsea 8 leikir, 9 mörk
Skoraði tvö mörk á móti Newcastle, West Ham og Bolton (2 leikir) og eitt mark á móti Liverpool, Southampton og Leeds.



**23. janúar
til 26. febrúar 2006**

Heiðar Helguson með Fulham 5 leikir, 5 mörk
Skoraði tvö mörk á móti West Brom og eitt mark á móti West Ham, Manchester United og Bolton.




**23. október
til 12. desember 2004**

Eiður Smári Guðjohnsen með Chelsea 8 leikir, 6 mörk
Skoraði þrjú mörk á móti Blackburn og eitt mark á móti West Brom, Charlton og Arsenal.



**15. október
til 3. desember 2011**

Heiðar Helguson með Queens Park Rangers 7 leikir, 6 mörk
Skoraði tvö mörk á móti Stoke City og eitt mark á móti Blackburn, Chelsea, Man Manchester City og West Brom.



**9. desember
til 26. desember 2000**

Eiður Smári Guðjohnsen með Chelsea 4 leikir, 5 mörk
Skoraði tvö mörk á móti Derby og Ipswich og eitt mark á móti Bradford.



2. janúar til 6. febrúar 2016 og vonandi lengur

Gylfi Þór Sigurðsson með Swansea 6 leikir, 5 mörk
Skoraði mörk á móti Manchester United, Sunderland, Everton, West Brom og Crystal Palace.

**4. febrúar
til 1. apríl 2012**

Gylfi Sigurðsson með Swansea 8 leikir, 6 mörk
Skoraði tvö mörk á móti Wigan og Fulham og eitt mark á móti West Brom og Tottenham.

**Nýjast****Enska bikarkeppnin****West Ham - Liverpool**

Leiknum var ekki lokið er Fréttablaðið fór í prentun. Hann var í framlengingu.

Bikarkeppni HSÍ, 8-liða úrslit kvenna**Stjarnan - ÍR 25-23**

Stjarnan: Helena Rut Örvarsdóttir 6, Sólveig Kjærnested 6, Hanna G. Stefánsdóttir 5.
ÍR: Sólveig Kristjánsdóttir 6, Brynhildur Kjartansdóttir 6, Sigrún Ásgrímsdóttir 5.

Fylkir - Fram 22-19

Fylkir: Patricia Szölösi 7, Thea Imani Sturludóttir 7, Hildur Björnsdóttir 4
Fram: Ragnheiður Júlíusdóttir 10, Ásta Birna Gunnarsdóttir 3

Haukar - HK 31-17

Fylkir: Maria Pereira 7, Ragnheiður Sveins. 5
HK: Þórhildur Þórðard. 5, Kolbrún Garðars 4

HÆTTIR HJÁ GUIF

Kristján Andrússon hættir störfum hjá sænska handboltaliðinu Guif eftir þetta tímabil. Þetta kemur fram í yfirlýsingu á heimasíðu Guif. Kristján hefur starfað hjá Guif undanfarnir 10 ár, fyrst sem aðstoðarþjálfari og svo aðalþjálfari. Kristján kom fyrst til Guif sem leikmaður en hellti sér út í þjálfun eftir að hnemeiðsli bundu enda á feril hans.

Hann nýtti sér uppsagnarákvæði í samningi sínum sem gildir til ársins 2017. Kristján starfar í banka í Eskilstuna samhliða þjálfuninni og samkvæmt yfirlýsingunni gat hann ekki samtvinnað þetta tvennt til lengdar.

OFURHANDBOLTADEILD?

Svo gæti farið að Meistaradeildin í handbolta fái verðugan keppnaut og missi jafnvel lið í nýja úrvalsdeild í handbolta sem mun samanstanda af bestu liðum heims.

Fréttir þessa efnis fóru á kreik í kringum Evrópumótið í handbolta og hafa vakið mikla athygli innan handboltaheimsins.

Stefnt er á að spila fyrst í nýju úrvalsdeildinni tímabilið 2018/2019 en byrjað verður með tólf liða deild. Aðeins stærstu liðin úr stærstu borgunum fá að vera með og ekki bara lið úr Evrópu. Þetta verður eins konar heimsdeild.

Einn stofnanda deildarinnar er ofur umboðsmaðurinn Wolfgang Güttschow sem er mikill Íslandsvinur og er með íslenska landsliðsmenn á sínum snærum.

Güttschow segir eitt markmiðanna með að hafa bara stórlíð frá stórborgum í deildinni að hver leikur verði mikill viðburður og svipi til úrslitahelgarinnar í Meistaradeildinni í Köln.

Líklega verður spilað frá febrúar til desember þannig lið geta mætt með nýja leikmenn til leiks í seinni hluta deildarinnar. Nánar má lesa um málið á Vísi.

**Draumadagar Íslendinganna**

Gylfi Þór Sigurðsson hefur skorað í fimm af fyrstu sex deildarleikjum Swansea á nýju ári og Fréttablaðið skoðar í dag bestu daga íslenskra leikmanna í deildinni í gegnum tíðina. Þrjú leikmenn eru í sérflokki.

FÓTBOLTI Árið 2015 var ekki mikið markaár hjá Gylfa Þór Sigurðssyni í búningi Swansea City. Hann skoraði „bara“ 5 mörk í 33 deildarleikjum þar af aðeins tvö mörk í 19 leikjum á fyrri hluta núverandi tímabils.

Það tók Gylfa aðeins sex deildarleiki á árinu 2016 að jafna markaskor sitt frá árinu á undan. Gylfi hristi af sér slenið strax í fyrsta leik á móti Manchester United á Old Trafford. Fimmta markið hans á stuttum tíma kom síðan þegar hann skoraði með frábæru skoti beint úr aukaspyrnu á móti Crystal Palace um síðustu helgi.

Heurelho Gomes er einn í flokki meðal þeirra markvarða sem hafa mætt íslenska landsliðsmanninum Gylfa Þór Sigurðssyni í ensku úrvalsdeildinni á árinu 2016. Gomes er nefnilega eini af þessum sex mark-

vörðum sem hefur náð að halda hreinu á móti okkar manni.

Gylfi er búinn að skora fimm mörk í fyrstu sex leikjunum og er í þriðja sæti yfir markahæstu leikmenn deildarinnar á nýju ári. Hann er þegar búinn að skora í fimm leikjum á árinu eða jafnmörgum leikjum og Argentínumaðurinn Sergio Agüero sem er markahæstur í deildinni á almanaksárinu 2016.

Frammistaða Gylfa á síðustu 39 dögum er í hópi bestu daga íslenskra leikmanna í sögu ensku úrvalsdeildarinnar en Fréttablaðið skoðaði fleiri slíka draumadaga hjá íslenskum leikmönnum.

Gylfi átti sjálfur frábæra daga vorið 2012 en annars eru það Eiður Smári Guðjohnsen og Heiðar Helguson sem einoka listann ásamt Gylfa.

Gylfi skoraði 6 mörk í 8 leikjum frá febrúar til apríl 2012 en hann var þá valinn leikmaður mánaðarins í ensku úrvalsdeildinni í marsmánuði. Mörkin hans sex skiptust þá niður á fjóra leiki.

Gylfi á enn nokkuð í land að gera það sem Eiður Smári Guðjohnsen afrekaði með Chelsea-liðinu í desember 2001 til janúar 2002 en Eiður skoraði þá 9 mörk í aðeins 8 leikjum. Eiður skoraði meðal annars í fjórum leikjum í röð en Gylfi gæti jafnað það met með því að skora í næsta leik Swansea.

Heiðar er sá eini sem kemst í þennan hóp með tveimur liðum. Hann skoraði 5 mörk í 5 leikjum með Fulham í ársbyrjun 2006 og skoraði síðan 6 mörk í 7 leikjum með QPR undir lok ársins 2011.

Fjórði maðurinn sem er nálægt því að komast í þennan hóp er Arnar Gunnlaugsson sem skoraði 3 mörk í 4 leikjum með Leicester City undir lok árs 2000.

Gylfi er búinn að skora hjá fimm markvörðum á árinu en hvort Fraser Forster verði sá sjötti í hópnum kemur í ljós eftir þrjú daga. Forster verður vissulega erfiður viðureignar enda búinn að halda hreinu í síðustu fimm leikjum Southampton sem eru jafnframt einu leikirnir sem kappinn er búinn að spila í ensku úrvalsdeildinni á leiktíðinni.

Miðað við það hvernig Gylfi er að spila þessa dagana þá mega Fraser Forster og varnarmenn Southampton passa sig á Liberty leikvanginum á laugardaginn.

ooj@frettabladid.is

Í dag

18.25 RN Löwen - Vardar Sport 3
19.00 Gæðingafimi Sport
19.40 Lazio - Verona Sport 4
20.00 AT&T Pebble Beach Golfst.

Bikarkeppni HSÍ, kvenna
19.30 Selfoss - Grótta



OYSTER PERPETUAL
DATEJUST


ROLEX


MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 10. febrúar 2016

6. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

»2

Veitingamenn fá meira

Starfsfólk veitingastaða fær meira greitt í þjórfé en áður vegna fjölgunar ferðamanna.

»4

Umtalið jókst eftir skráninguna

Aukinn sýnileiki er ein stærsta ástæða þess að fyrirtæki sækja inn á First North-markaðinn

»8

Svipmyndin: Margrét Njarðvík

Pegar Margrét Njarðvík missti vinnuna opnaði hún sumarbúðir fyrir unglinga á Spáni.

»10

Eykur áhættusæknina

Lars Christensen segir að innleiðing innistæðutryggingakerfa auki áhættusækni.

»12

Vandað sé til verka

Stjórnarnáðurnir gerir þá kröfu að stjórnendur banka vandi sig við sölu ríkisfyrirtækja.



Trúverðugleiki okkar að veði

- Helmingur sammingsbrotamála sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur höfðað síðustu 20 ár er gegn Íslandi.
- Þingmaður segir mikilvægast að hagsmunir Íslands séu varðir í EES-samstarfinu.
- Stjórnsýslan á Íslandi talin of veikburða til að framfylgja EES-samningnum.

»6



FERMING 2016

Þar sem úrvalið er af umgjörðum

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



KEFLAVÍKURFLUGVOLLUR



 Þjónusta við fyrirtæki

Sérþekking er grundvöllur góðra ákvarðana



Stoltur samstarfsaðili

Það eru forréttindi að fá að vinna með fjölbreyttum hópi viðskiptavina að metnaðarfullum og spennandi verkefnum sem efla vöxt og viðgang atvinnulífsins. Starfsfólk Íslandsbanka býr yfir áratuga reynslu af þjónustu við fyrirtæki og hjá bankanum starfar stór hópur fólks sem þekkir fjölbreyttan atvinnurekstur af eigin raun.

Réttar ákvarðanir eru lykillinn að góðum árangri í rekstri fyrirtækja. Við tókum ákvörðun: Að veita bestu bankaþjónustu á Íslandi svo viðskiptavinir okkar eigi auðveldara með að taka sínar ákvarðanir.

Þekking sprettur af áhuga.





Hagnaður Icelandair Group jókst um 67 prósent milli ára. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gengi bréfa rauk upp um sjö prósent

Hlutabréf í Icelandair Group hækkuðu um 6,84 prósent í 3.278 milljóna króna viðskiptum í gær.

Ástæðu hækunarinnar má rekja til þess að félagið tilkynnti um góða afkomu á árinu 2015 eftir lokun markaða á mánudaginn.

Hagnaður félagsins jókst um 67 prósent milli ára og nam 111,2 milljónum dollara, jafnvirði 14,1 milljarðs íslenskra króna. Afkoman var umfram

það sem áætlanir stjórnenda gerðu ráð fyrir í upphafi árs 2015. Lagt er til að 3,5 milljarðar verði greiddir út í arð til hluthafa vegna rekstrarársins.

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, segir marga samverkandi þætti hafa jákvæð áhrif á sterkt ársuppgjör. Þar má nefna lækkanandi eldsneytisverð, aukna eftirspurn á Norður-Atlantshafsmarkaðinum sem félagið hafi mætt með auknu fram-

bóði ásamt góðri afkomu í leiguflogi og fraktflugi.

EBITDA ársins var við efri mörk síðustu afkomuspár félagsins og nam 219 milljónum dollara, jafnvirði 27,9 milljarða króna, samanborið við 154,3 milljónir dollara, jafnvirði tæplega 20 milljarða króna árið 2014.

Eiginfjárlutfall var 47 prósent í árslok 2015 samanborið við 43 prósent í árslok 2014. – sg

Aðalfundur Marel hf. 2016

Aðalfundur Marel hf. verður haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Austurhrauni 9, 210 Garðabæ, miðvikudaginn 2. mars nk., kl. 16:00.

Dagskrá:

- Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt grein 4.13 í samþykktum félagsins.
- Skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu.
- Tillaga um að heimila félaginu að kaupa eigin hlutabréf.
- Önnur mál, löglega borin fram.

Fundarstörf munu fara fram á ensku.

Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar, þ.e. fyrir kl. 16:00 föstudaginn 26. febrúar.

Til þess að tillögur frá hluthöfum sem leggja á fyrir á fundinum verði teknar þar til umræðu verður að skila þeim til stjórnar félagsins eigi síðar en tíu dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 16:00 sunnudaginn 21. febrúar.

Á aðalfundarvef félagsins, www.marel.com/agm, er að finna allar frekari upplýsingar í tengslum við aðalfundinn, þ.m.t. frekari upplýsingar um rétt hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar og leggja fram ályktunartillögur fyrir fundinn, drög að dagskrá fundarins, tillögur stjórnar félagsins, ársreikning félagsins fyrir árið 2015, upplýsingar um heildarfjölda hluta og atkvæðafjölda í félaginu m.v. 9. febrúar 2016, umboðsform auk upplýsinga um skjöl sem lögð verða fyrir fundinn.

Endanleg dagskrá fundarins og tillögur verða gerðar aðgengilegar hluthöfum sjö dögum fyrir fundinn á framangreindum aðalfundarvef félagsins sem og á skrifstofu félagsins að Austurhrauni 9, 210 Garðabæ.

Umboðsmenn hluthafa skulu framvísa skriflegum umboðum við inngang. Atkvæðaseðlar og önnur gögn verða aðgengileg á fundarstað frá kl. 15:30.

Stjórn Marel hf.



Jim Carlsson segir bæði kosti og galla við skráningu á First North, hans reynsla er þó mjög jákvæð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Umfjöllun tífaldaðist eftir skráninguna

Framkvæmdastjóri Clavister segir skráningu á First North kostnaðarsama en að hún margborgi sig. Hann segir markaðinn góðan stökkpall fyrir Aðalmarkað. Hann mælir með að ráðfæra sig við fyrirtæki sem hafa nú þegar skráð sig.

Skráning á First North getur verið kostnaðarsöm, en þetta er ferli sem margborgar sig. Það er mat Jim Carlsson, framkvæmdastjóra sænska tæknifyrirtækisins Clavister.

Carlsson hélt erindi á morgunverðarfundum Nasdaq Iceland, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Icelandic Startups þann 4. febrúar síðastliðinn. Þar fór hann yfir skráningu fyrirtækisins á First North, kosti og galla þess og lærdóminn sem hægt er að draga af skráningunni.

Yfir 200 félög eru skráð á First North markaðinn, þar af voru 63 skráð í fyrra. First North virðist vera góður stökkpallur inn á Aðalmarkað, en frá árinu 2007 hafa 38 fyrirtæki færst yfir á Aðalmarkað. Einungis þrjú félög eru skráð á First North á Íslandi. Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, hefur itrekað lýst yfir áhuga fyrir því að sjá fleiri skráningar á First North.

Ákveðið var að skrá Clavister, sem stofnað var árið 1997, á markað árið 2014. Carlsson segir undirbúningsferlið hafa tekið sex til níu mánuði. Hann segir að efeitthvað er hefði hann viljað skrá fyrirtækið á markaðinn fyrr.

Að mati Carlssons eru kostir og gallar við skráningu. Hann segir það erfiðasta við að vera skráð félag að geta ekki sagt frá því sem fyrirtækið er að gera. Skráning flæki samskipti bæði innan og utan dyra hjá fyrirtækinu. Aukinn kostnaður hafi líka áhrif. „Það margborgaði sig þó fyrir okkur að skrá okkur á First North,“ segir Carlsson. Hann bendir til að mynda á að tíu sinnum meiri umfjöllun sé um fyrirtækið í fjölmiðlum eftir skráningu. Auk þess auðveldi skráning það að ná sér í fjármagn og byggja upp traust í kringum vörumerkið. Carlsson segir

Ég held að aukinn sýnileiki sé ein ástæða þess að Svíar sækji inn á markaðinn, aukin fjölmiðlaumfjöllun er markaðsvél fyrir okkur.

Jim Carlsson, framkvæmdastjóri Clavister.

skráningu líka auðvelda það að ná í og halda í góða starfsmenn.

Carlsson segist hafa verið hissa á þeim fjölda sænskra fyrirtækja sem hafa verið skráð á markaðinn síðustu tíu ár. „Ég held að aukinn sýnileiki sé ein ástæða þess að Svíar sækji inn á markaðinn, aukin fjölmiðlaumfjöllun er markaðsvél fyrir okkur.“

Carlsson mælir með að þeir sem séu að huga að skráningu hittu forsvarsmenn fyrirtækja sem hafa skráð sig áður á markað og spyrji þá hvað þeir myndu gera öðruvísi. Clavister gerði þetta og lærði mikið af því.

Einn lærdómur sem Clavister dró af skráningarferlinu var að mikilvægt væri að allt fyrirtækið tæki þátt á fyrstu stigum skráningar. „Við vorum einungis með tíu manns í því, því hefði ég breytt.“

Clavister stefnir nú á skráningu á Aðalmarkað á þriðja eða fjórða ársfjórðungi þessa árs. Það ferli tekur svipaðan tíma og skráning á First North. Carlsson segir að hann myndi hikaust fara í gegnum skráningarferlið á First North aftur og hvetur fleiri fyrirtæki til að nýta sér þennan fjármögnunarkost. saeunn@frettabladid.is



MÁTÁÐU HANN VIÐ ÞIG

Upplifðu einstaka hönnun
Volvo V40 Cross Country
Verð frá 4.490.000 kr.

Sparneytinn
Aflmikill
Mikil veghæð

KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJAN
VOLVO V40 CROSS COUNTRY
Í BRIMBORG

MADE BY SWEDEN
VOLVOCARS.IS



Volvo V40 Cross Country er knúinn sparneytinni og aflmikilli tveggja lítra dísilvél sem skilar 120 hestöflum. Volvo V40 fékk hæstu einkunn sem hefur verið gefin í öryggisprófunum Euro NCAP. Hann er jafnframt ríkulega búinn staðalbúnaði eins og vélarhitara með tímastilli, loftkælingu, Volvo High Performance hljómtækjum, Bluetooth GSM símkerfi og hinu margverðlaunaða öryggiskerfi Borgaröryggi (City Safety). Á bílnum eru glæsilegir Cross Country þakbogar og hann kemur á völdugum 16" Geminus álfelgum. Eldsneytisnotkun (beinskiptur/sjálfskiptur) í blönduðum akstri er 3,7/3,9 l/100 km og CO₂ losun er 96/101 g/km. Volvo V40 Cross Country dísil beinskiptur uppfyllir þau skilyrði sem þarf til að fá frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



Páll Þórhallsson kynnti skýrslu stýrihóps um framkvæmd EES-samningsins í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Helmingur mála höfðaður gegn Íslandi

Af þeim 84 samningsbrotamálum sem höfðuð voru gegn EFTA-rikinum síðustu tvo áratugi voru 40 höfðuð gegn Íslandi. Stjórnarsýslan of smá fyrir verkefnið. Sigríður Á. Andersen, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir Íslendinga þurfa að huga betur að eigin hagsmunum.

Jón Hákon Halldórsson
johakon@365.is



Á árunum 1994-2015 voru samtals 84 samningsbrotamál höfðuð gegn EFTA-rikinum Íslandi, Noregi og Liechtenstein fyrir EFTA-dómstólnum. Þar af voru 40 höfðuð gegn Íslandi. Þetta kemur fram í skýrslu stýrihóps um framkvæmd EES-samningsins. Ísland stendur sig langverst allra þjóða í að innleiða ESB-gerðir af öllum ríkjum innan EES-svæðisins.

„Trúverðugleiki okkar í þessari alþjóðasamvinnu er að veði,“ sagði Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri skrifstofu lögjafarmála í forsætisráðuneytinu, þegar hann kynnti skýrslu stýrihóps um framkvæmd EES-samningsins á fundi á mánudaginn. Páll er formaður hópsins. Hann sagðist telja að samþykkt Evrópuráðsins frá því í desember árið 2014 hefði markað kaflaskil. Í samþykktinni eru íslensk yfirvöld hvött til þess að standa við skuldbindingar sínar vegna EES-samningsins og taka upp nýja nálgun í Evrópumálum.

Myndun stýrihópsins var í samræmi við Evrópustefnu ríkisstjórnarinnar sem birt var árið 2014. En í þeirri stefnu segir að mikilvægt sé að gæta sérstaklega að íslenskum hagsmunum í allri framkvæmd þeirra samninga sem gerðir hafa verið við ESB.

„Í skýrslunni beinum við sjónum okkar að innleiðingu nýrra reglna. Hvernig eigi að þýða reglur Evrópusambandsins í orðsins fyllstu merkingu inn í íslenskt tungumál. En líka hvernig eigi að innleiða þessar reglur í íslenska löggjöf,“ sagði Páll á fundinum í fyrradag.

Ísland stendur illa að vígi

Páll sagði að þegar vinna stýrihópsins hefði byrjað hefði blasað við að Ísland stæði sig verst í innleiðingu gerða frá Evrópusambandinu. Sú tölfræði hefði ítrekað sést. „Í þessari skýrslu greinum við orsakir ástandans og nefnum nokkrar ástæður. Ein ástæðan er mikið vinnuálag í ráðuneytinum. Flestir sérfræðingar sem vinna á þessu sviði eru einnig að sinna öðrum málum. Og það er tilhneiging til þess að ýta málefnum sem snerta EES til hliðar og jafnvel að horfa alveg fram hjá þeim.“

Páll sagði að flókin og tímafrek samskipti við þingið hefðu líka haft áhrif. Í skýrslunni segir að samskipti milli ráðuneyta og Alþingis séu oft og tíðum flókin með þeim afleiðingum meðal annars að töluvert mörg lagafrumvörp til innleiðingar hafi haft hægan framgang.

Lágmarks stjórnarsýsla

Þá benti Páll á að smæð íslensku stjórnarsýslunnar stæði henni fyrir þrifum. „Ég held að það sé líka rétt að hafa í huga að við á Íslandi þurfum að innleiða jafn mikið af tilskipunum og

Noregur með miklu minni stjórnarsýslu og við þurfum alltaf að gera þetta á sem hagkvæmasta hátt.“

Páll benti líka á að þegar stjórnámalmennt væru að forgangsraða pólitískum áherslum væru málefni EES-samningsins ekki alltaf efst á baugi. „Til dæmis þegar ríkisstjórnin tekur sæti þá hafa ráðherrar hennar oft mörg mál á stefnuskránni, en málefni Evrópusambandsins eru ekki endilega efst á þeim forgangslista,“ sagði Páll. Starfsmenn í opinberri stjórnarsýslu væru því alla jafna í dælitíð skráttinu stöðu því þeir þyrftu að vinna ýmsa vinnu sem sneri að Evrópska efnahagssvæðinu en ráðherrarnir væru með annað á stefnuskránni hjá sér.

Trúverðugleiki okkar í þessari alþjóðasamvinnu er að veði.

Páll Þórhallsson, formaður stýrihópsins

Í skýrslunni kemur fram að frá því að stýrihópurinn var skipaður hefur verið gripið til ýmissa aðgerða hér á Íslandi til þess að gera innleiðingu EES-gerða skilvirkari. Upplýsingagjöf til ríkisstjórnar um stöðu innleiðingar sé meiri. Staða EES-mála hafi einnig ítrekað verið tekin upp á fundum ráðuneytisstjóra. Samskiptin við Alþingi á þessu sviði hafi orðið

greiðari, þannig að leyst hafi verið úr málum sem höfðu lengi verið til skoðunar. Þá megi ætla að starf stýrihópsins hafi stuðlað að aukinni vitund í ráðuneytinu um að það sé forgangsmál ríkisstjórnar að bæta stöðuna. „Við höfum tekið eftir því frá því að vinna stýrihópsins hófst að vinnubrögð í þinginu hafa breyst. Málefni EES eru meira á dagskrá hjá þinginu og meiri vinna í ráðuneytinum. „Það er því meiri fókus á þessu mál en áður.“

Í skýrslu stýrihópsins kemur fram að hópurinn hafi kynnt sér fyrirkomulag mála, einkum í Noregi og Liechtenstein, og það hafi leitt til tillagna að úrbótum. Meðal annars leggur stýrihópurinn til að Stjórnarráðið fái tímabundið framlag til að ráða fjóra starfsmenn í tvö ár sem aðstoði ráðuneytin við að vinna á brýnum upptöku- og innleiðingarhalla. Þá verði leitast við að ávallt sé nægur mannaflí og sérfræðipækking á EES-málum til staðar hjá Stjórnarráðinu og öðrum opinberum stofnunum. Þá muni utanríkis- og forsætisráðuneytið vinna að því að samræma vinnubrögð og efla miðlægt utanumhald um framkvæmd EES-samningsins.

Alþingi samþykki fjárveitingu

Páll segir að stýrihópurinn sé ennþá starfandi og búinn að hittast einu sinni frá því að skýrslunni var skilað í byrjun janúar. Hópurinn muni halda áfram að starfa og reyna að vinna að úrbótum í samræmi við það fjármagn sem tiltækt er. Ekki sé hægt

að segja að ríkisstjórnin sé búin að ákveða að ráðast í allar úrbæturnar því að þær þurfi að samþykkja á fjárlögum. „En við ákváðum að styrkja okkar aðkomu með því að Hafþís Ólafsdóttir skrifstofustjóri færðist úr fjármálaráðuneytinu til okkar um áramótin og verður nær eingöngu í þessum málum,“ segir Páll. Forsætisráðuneytið muni því leggja áherslu á þessi mál og styðja þannig við utanríkisráðuneytið í sinni vinnu.

Tilfni laus málarekstur

Sigríður Á. Andersen, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur minni áhyggjur af innleiðingarhallanum en Páll Þórhallsson en tekur undir með honum að ein skýringin sé sú að stjórnarsýslan í Noregi sé tíu sinnum stærri en hér á Íslandi.

Hún segir það mjög slæmt að Evrópusambandið dragi Íslendinga fyrir EFTA-dómstólinn, vegna innleiðingarhalla, í tilefnislausum málarekstri. Ísland viðurkenni jafnan sök og það eigi ekki að draga Ísland fyrir dóm í málum þar sem sökin er viðurkennd. „Þá er þetta orðin atvinnubótavinna fyrir einhverja embættismenn og lögfræðinga og þetta kostar Ísland fullt af peningum.“

Sigríður segist vera sammála því sjónarmiði sem fram komi hjá nefndinni að starfsemi í kringum EES-samninginn eigi að miða að vinnu miklu framar í ferlinu. Hins vegar eigi vinnubrögðin ekki að vera þannig að um leið og komin er upp hugmynd



... lifun í Hörpu

Hljómsveitin Trúbort flytur hljómplötuna ... lifun í Hörpu á föstudag en í ár eru 45 ár síðan þessi sögufræga plata kom út. SÍÐA 2

PRECOLD® - LAUSN GEGN KVEFI

Vistor kynir PreCold munnúði dregur úr líkum á kvefi og styttir tíma kvefeinkenna ef það er notað frá upphafi kvefeinkenna. PreCold inniheldur virk náttúruleg sjávarensím og myndar verndandi filmu á slímhúðina í koki.

„PreCold er munnúði sem notaður er gegn kvefi, til að draga úr einkennum kvefs og til að stytta tíma kvefeinkenna,“ segir Guðný Traustadóttir Markaðstengill hjá Vistor hf. „PreCold myndar verndandi filmu á slímhúðinni í kokinu. Filman, sem inniheldur virk náttúruleg sjávarensím, dregur úr getu veiranna til að bindast við slímhúðina í kokinu og fyrirbyggir þannig kvef. PreCold minnkar einnig líkurnar á að smitast af kvefi og styttir tíma veikindanna ef það er notað frá upphafi kvefeinkenna.“



PreCold er íslenskt hugvit og íslensk framleiðsla.

Guðný Traustadóttir markaðstengill hjá Vistor hf.

HVERNIG Á AÐ NOTA PRECOLD?

Beinið stútnum að kokinu og úðið tvisvar.

Við kvefeinkennum:

- Notið PreCold á 2-3 tíma fresti, u.þ.b. sex sinnum á dag.
- Notist meðan kveftímabilið stendur yfir.

Hafið samband við lækni ef kvefeinkenni vara lengur en í 10 daga.

Fyrirbyggjandi við kvefi:

- Notið tvo úðaskammta þrisvar á dag, þó ekki lengur en 30 daga í senn.
- Haldið meðferð áfram þar til einkennum eru horfin.

PRECOLD MUNNÚÐINN:

- Hentar fullorðnum og börnum frá 2 ára aldri.
- Hefur staðbundna verun í hálsi.
- Er án sykurs og rotvarnarefna.

PRECOLD FÆST Í ÖLLUM APÓTEKUM

WWW.PRECORD.IS
WWW.FACEBOOK.COM/PRECORD.IS

KLÍNÍSK RANNSÓKN

Í klínískri rannsókn á PreCold blöndunni sem var framkvæmd á Skåne Háskólasjúkrahúsinu í Lundi í Svíþjóð fækkaði veirum í koki um 99% og kvefdögum fækkaði að meðaltali um helming í samanburði við lyfleysu.*


PreCold er CE merkt vara skráð sem lækningatæki í flokki I.

Zymetech, framleiðandi PreCold, er íslenskt líftæknifyrirtæki sem er leiðandi í heiminum í notkun sjávarensíma og sem sérhæfir sig í rannsóknum og þróun á vörum sem innihalda ensím, Penzyme®, úr Norður-Atlantshafsporski. PreCold er íslenskt hugvit og íslensk framleiðsla.


*Clarsund M, Fornbacke M, Uller L, Alhström Emanuelsson C, 2014, Common Cold prophylaxis using ColdZyme mouth spray. Congress of the Nordic Association of Otolaryngology.



PreCold munnúðinn dregur úr einkennum kvefs og styttir tíma kvefeinkenna.



Vertu laus við LIÐVERKINA



Eitt mest seldi bætiefnið fyrir liðina á Íslandi!



NUTRILENK™ GOLD

Laus við verki vegna slitgigtar

„Ég hef verið að kljást við slitgigt í hjám og mjóbaki í fjölmörg ár og prófað margt, bæði lyf og náttúrulef sem dugað hafa skammt. Bæklunarlæknir benti mér á að hyggja betur að lífsstílnum og taka inn NUTRILENK. Ég fór að hans ráðum og batinn er ótrúlegur. Ég finn ekki lengur til í hjánum og get hreyft mig óhindrað. Ef ég sleppi því að taka inn NUTRILENK finn ég verkina koma aftur. Ég mæli heilshugar með NUTRILENK.“



Hinrik Ólafsson; leikari, kvikmyndagerðarmaður og leiðsögumaður

MEISTARAVERKIÐ LIFIR GÓÐU LÍFI

Hljómsveitin Trúbrot flytur meistaraverkið ...lifun í Hörpu næsta föstudagskvöld ásamt fleiri þekktum lögum sveitarinnar. Í ár eru 45 ár síðan þessi sögufræga hljómplata kom út sem margir telja eina allra bestu plötu Íslandssögunnar.

Hljómplatan ...lifun með Trúbrot er af mörgum talin vera meðal helstu afreka íslenskrar tónlistarsögu. Platan kom út árið 1971 og fagna eftirlifandi meðlimir sveitarinnar 45 ára afmæli plötunnar með stórtónleikum í Eldborgarsal Hörpu á föstudaginn.

Trúbrot var merkileg hljómsveit fyrir margra hluta sakir. Hún var stofnuð af nokkrum meðlimum Hljóma og Flowers árið 1969 sem þá voru tvær vinsælustu hljómsveitir landsins. Sveitin gaf út fjórar hljómplötur á jafnmörgum árum og var ...lifun sú þriðja í röðinni. Liðsskipan Trúbrots breyttist lítillega á þessum árum en meðlimir hennar settu svo sannarlega svip sinn á íslenska tónlistarsögu næstu áratugi. Meðal þeirra voru Rúnar Júlíusson, Gunnar Þórðarson, Karl Sighvatsson og Magnús Kjartansson sem segir hópinn hlakka mikið til tónleikanna enda hefur Trúbrot aldrei komið fram í sinni upprunalegu mynd síðan hljómsveitin hætti. „Á tónleikum munum við leika ýmis lög af plötum sveitarinnar fyrir hlé en seinni hlutinn verður helgaður ...lifun. Með okkur verða reyndustu og bestu hljóðfæraleikarar landsins og Shady Owens flýgur frá London til að vera með. Við ætlum að láta tónlistina tala og verðum laus við alla tilgerð, göngum bara inn á sviðið og spilum fyrir áheyrendur líkt og við gerðum áður. „Eru ekki allir í stuði?“ verður að bíða betri tíma.“



Meðlimir Trúbrots sem fagna 45 ára afmæli plötunnar ...lifun á föstudaginn. F.v. Gunnar Þórðarson, Shady Owens og Magnús Kjartansson. MYND/ANTON BRINK



Trúbrot gaf út fjórar plötur á ferli sínum. MYND/ÚR EINKASAFNI

„Það má segja að Suðurnesjamennirnir hafi samið sönglöggin en Reykvíkingarnir nutu sín í instrumental pörtunum. Gunnar Þórðarson er eins og allir vita óstöðvandi en við Rúnar komum alltaf með hugmyndir og áttum svo fullt í fangi með að læra og spila tónlist Gunnars.“

Magnús Kjartansson

Auk fyrrnefndra meðlima skipuðu trommuleikararnir Gunnar Jökull Hákonarson og Ólafur Garðarsson sveitina á tímabili.

GUNNAR VAR ÓSTÖÐVANDI

Þótt tæplega hálf öld sé liðin frá gerð plötunnar man Magnús vel eftir vinnuferlinu. „Platan var gerð í framhaldi af þátttöku hljómsveitarinnar í verkinu Fást í Þjóðleikhúsinu. Við urðum fyrir áhrifum af leikritinu og ákváðum að semja og setja saman hljómplötu sem segði sögu og væri blanda af sungnum texta og tónlist. Ég, Gunni Þórðar, Rúnar og Shady voru Suðurnesjamenn en Karl og Gunnar Jökull voru Reykvíking-

ar. Það má segja að Suðurnesjamennirnir hafi samið sönglöggin en Reykvíkingarnir nutu sín í instrumental pörtunum. Gunnar Þórðarson er eins og allir vita óstöðvandi en við Rúnar komum alltaf með hugmyndir og áttum svo fullt í fangi með að læra og spila tónlist Gunnars.“

HEILLAR YNGRA FÓLK

Afmælisbarnið lifir góðu lífi ásamt öðrum plötum Trúbrots og segir Magnús gaman að fylgjast með hvernig tónlist sveitarinnar skýtur reglulega upp kollinum hjá ungu fólki. „Af hverju, hef ég ekki hugmynd um. Þegar ...lifun var valin í eitt af efstu sætum um bestu íslensku plötuna þá var ljóst að yngri kynslóðirnar sáu um að raða þeim lista enda kosið á netinu. Það kom okkur skemmtilega á óvart. Takk fyrir það tónlistarunnendur. Þeir sem kusu okkur þar voru ekki að láta það trufla sig að við sungum á ensku. Það að Íslendingar syngi á öðrum tungumálum en íslenskunni opnar þeim dyr sem annars væru harðlæstar. Það er bara staðreynd. Það hefur þó alltaf verið gaman að gera tónlist fyrir heimamarkað en hljómsveitin Trúbrot var ekki á þeim buxunum.“

Uppselt er á tónleikana á föstudag en aukatónleikar verða 26. mars.

Nánari upplýsingar um tónleikana má finna á www.harpa.is.

FERMINGAR

FALLEGT, FÁGAÐ, TÖFF
OG ALLT FULLT AF KJÓLUM

comma,

commalceland
Smáralind



BÖRNIN FERÐAST FRÍTT OG FÁ ÍSLENSKAN BARNAKLÚBB

Fyrsta barn ferðast frítt á ákveðnum brottförum í sumar ef þú bókar fyrir 14. febrúar. Þar að auki halda Kapteinn Nemo og áhöfn hans sig á Pegasos hótelnunum og sjá til þess að börnin geti leikið sér í barnaklúbbnum með íslenskum leiðbeinendum.

Barn
t.o.m. 15 ára

0,-

fyrir bókanir
seinast 29. febrúar.



Pegasos Royal

★★★★★ Incekum - Tyrklandi

Glæsileg wipeout braut

Pegasos Royal er með sameiginlegt útisvæði með Pegasos Resort og Pegasos Club. Það þýðir að þú færð íþróttastöðu, sundlaugar, bari og aðra afþreyingu þriggja hótela. Hótelin liggja við glæsilega sandströnd með ótrúlega skemmtilegri wipeout braut.

Lestu meira á nazar.is/pegasosroyal

Allt innifalið í viku frá **122 599,-**
Barn t.o.m. 15 ára **0 kr**



Pegasos Resort

★★★★★ Incekum - Tyrklandi

Mögulega besta strönd Tyrklands

Pegasos Resort deilir útisvæði með tveimur nágrennahótelnunum sínum og því færð þú aðgang að mjög stóru útisvæði með aðstöðu þriggja hótela. Hér færðu gyllta og barnvæna strönd, rennibrautir, íþróttasvæði, wipeout braut og margt fleira!

Lestu meira á nazar.is/pegasosresort

Allt innifalið í viku frá **122 599,-**
Barn t.o.m. 15 ára **0 kr**



Pegasos World

★★★★★ Side - Tyrklandi

10.000 m² vatnaparadís

Á hinu einstaka Pegasos World opnar sig heimur sem á engan sinn líkan. Stærsta sundlaug Miðjarðarhafsins, vatnsskemmtigarður sem gefur gott kítl í magann og fullkomin staðsetning við breiða og fallega strönd. Hér getur þú hallað þér aftur og notið þín!

Lestu meira á nazar.is/pegasosworld

Allt innifalið í viku frá **129 599,-**
Barn t.o.m. 15 ára **0 kr**

World of TUI



allan sólarhringinn: nazar.is persónuleg þjónusta: 519 2777

nazar



Fullt var út úr dyrum þegar skýrslan var kynnt á fundi Alþjóðastofnunar Háskóla Íslands og sendinefndar Evrópusambandsins á Íslandi. Í forgrunni sjást Páll Þórhallsson og Claude Maerten, deildarstjóri utanríkisþjónustu ESB. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

að lögum hjá Evrópusambandinu þá eigi Íslendingar strax að bregðast við. „Af því að við ætlum ekki að innleiða þessar reglur í blindni. Það verður aldrei sátt um það á Íslandi að innleiða reglur án þess að það fari fram umræða um málið út frá hagsmunum Íslands.“

Sigríður segir Íslendinga hafa staðið illa að málum á vettvangi sameiginlegu EES-nefndarinnar. Nefndin er skipuð EFTA-ríkjunum og Evrópusambandinu og Sigríður segir að á þeim vettvangi fari fram umræður um, eftir atvikum, hvaða reglur Evrópusambandsins eigi við inni í EFTA-ríkjunum og hverjar ekki.

„Noregur og Liechtenstein hafa oft fengið undanþágur frá reglum Evr-

Það verður aldrei sátt um það á Íslandi að innleiða reglur án þess að það fari fram umræða um málið út frá hagsmunum Íslands.

Sigríður Á. Andersen, alþingismaður ópusambandsins eða undanþágu í formi lengri aðlögunartíma og þar fram eftir götunum,“ segir hún.

Sigríður tekur sem dæmi tilskipun Evrópusambandsins um endurnýjanlega orkugjafa sem var sett árið 2009. „Liechtenstein fékk undanþágu frá þessari tilskipun en Ísland léði ekkert máls einu sinni á því að það væru sér-

stök sjónarmið á Íslandi,“ segir Sigríður. Hún segir umrædda tilskipun fela í sér kvaðir fyrir atvinnulíf og neytendur á Íslandi. Tilskipunin sé á sviði þar sem Ísland er komið miklu fram en önnur Evrópuríki og eigi því ekkert við á Íslandi. Þetta dæmi skýri hvers vegna það þurfi að halda uppi hagsmunum Íslands í sameiginlegu EES-nefndinni. „Öll þáttaka Íslands og allt starf í kringum EES-samninginn á að vera út frá hagsmunum Íslands.“

Sigríður tekur undir með Páli og nefndinni um að stjórnsýslan á Íslandi átti þessari starfsemi illa. „Það þarf fólk sem er að skanna alla þessa lög-gjöf sem er að koma inn og undirbúa hvern einasta fund hjá sameiginlegu EES-nefndinni,“ segir Sigríður.

Helstu tillögur stýrihópsins

Stýrihópurinn setur fram tillögur að úrbótum í 18 tölulíðum. Þær helstu eru eftirfarandi:

- Ríkisstjórnin samþykki árlega, að höfðu samráði við Alþingi og hagsmunaaðila, lista yfir þau mál í lagasetningarferli hjá ESB sem metin eru forgangsmál út frá íslenskum hagsmunum. Sérstaklega verði fylgst með þessum málum, sjónarmiðum íslenskra stjórnvalda komið á framfæri og reynt að hafa áhrif eftir megni og tilefni.
- Ráðuneytin leitist við að hefja vinnu við innleiðingu gerða fyrr en nú er. Stefnt sé að því að undirbúningi sé að mestu lokið þegar gerð er samþykkt á vettvangi sameiginlegu EES-nefndarinnar.
- EFTA-skrifstofan og tengsl við sérfræðinga í Noregi og Liechtenstein verði nýtt betur við greiningu á samþykktir ESB-löggjöf sem er á leið inn í EES-samninginn.
- Innleiðingarfrumvörp verði auðkennd sérstaklega á þingmálaskrá og sett í forgang. Þau geymi að jafnaði einungis ákvæði sem leiðir af viðkomandi EES-skuldbindingu.
- Séð verði til þess að ráðuneyti geti birt stjórnvaldsfyrirmæli til innleiðingar á EES-gerðum án verulegs kostnaðar.
- Settur verði á laggirnar miðlægur EES-gagnagrunnur þar sem færðar verði inn upplýsingar um ferli EES-gerða frá upphafi til enda.
- Stjórnarráðið fái tímabundið framlag til að ráða fjóra starfsmenn í tvö ár sem aðstoði ráðuneytin við að vinna á brýnum upptöku- og innleiðingarhalla.

Hvað er sameiginlega EES-nefndin?

Sameiginlega EES-nefndin (e. EEA Joint Committee) er helsti samstarfsvettvangur aðila samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Á Evrópuvefnum segir að hlutverk nefndarinnar sé að tryggja virka framkvæmd EES-samningsins og taka ákvarðanir um hvaða regluverk Evrópusambandsins heyrir undir gildissviði hans. Nefndin skal taka samhljóma ákvarðanir um hvaða ESB-gerðir, sem samþykktar hafa verið á vettvangi Evrópusambandsins, skuli teknar upp í viðauka

EES-samningsins og innleiddar í EFTA/EES-ríkjunum. Ennfremur fjallar nefndin um hugsanleg deilumál varðandi túlkun á samningnum og reglum, byggðum á honum, sem valda vandkvæðum í samskiptum samningsaðila.

» Nefndin tekur ákvarðanir um hvaða regluverk ESB heyrir undir EES-samninginn.

VIÐ PRENTUM

Umbúðir • Bækur • Tímarit • Fyrir skrifstofuna • Bæklingar • Fjölóstur • Kynningarefni • Dagblöð • Stafrænt • Allskonar!



PÁLL JÓHANNESSON



Nýri sviðsstjóri hjá Deloitte

Páll Jóhannesson tók við stöðu sviðsstjóra Skatta- og lögfræðisviðs Deloitte þann 1. febrúar síðastliðinn.

Páll hefur undanfarin sjö ár starfað hjá Nordik lögfræðisþjónustu en hann var einn af stofnendum lögmannsstofunnar. Á árunum 2002-2007 starfaði Páll hjá Deloitte. Páll verður einn af meðeigendum Deloitte. – sg

STEINGERÐUR HREINSDÓTTIR



Nýr útibússtjóri Arion banka í Hveragerði

Steingerður Hreinsdóttir hefur verið ráðin útibússtjóri hjá Arion banka í Hveragerði. Steingerður gegndi frá árinu 2014 stöðu framkvæmdastjóra ferðaþjónustufyrirtækisins Arcanum Glacier tours.

Á árunum 2012-2014 starfaði Steingerður sem rekstrarstjóri hjá Kötlu Jarðvangi en á árunum 2005-2013 starfaði hún hjá Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands, fyrst sem verkefnastjóri og ráðgjafi og síðar sem framkvæmdastjóri. – sg

ÁSLAUG GUÐRÚNARDÓTTIR



Nýr kynningar- og markaðsstjóri

Áslaug Guðrúnardóttir hefur verið ráðin kynningar- og markaðsstjóri Listasafns Reykjavíkur. Áslaug starfaði sem fréttamaður á fréttastofu RÚV árin 2004-2015. Áslaug er með MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík og BA-próf í heimspeki frá Háskóla Íslands. – sg



Margrét er alin upp í ferðamennsku og var farin að vinna sem leiðsögumaður tvítug á Mallorca. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Nýtir öll verkfærin sem hún er búin að safna að sér í lífinu

Margrét Jónsdóttir Njarðvík rekur alþjóðlegu ráðgjöfina Mundo. Á þeim fjórum árum sem eru liðin síðan fyrirtækið var stofnað hefur hún komið á fót alþjóðlegum sumarþúðum, skiptinámi, skipulögðum píligrímsferðum og agastjórnumarnámskeiðum fyrir kennara. Hún sér fram á að vinna við þetta um komandi ár.

SVIPMYND

MARGRÉT JÓNSDÓTTIR NJARÐVÍK

„Ég er þessi klassíska kona sem á miðjum aldri fattar að nota öll verkfærin sem hún var búin að safna að sér í gegnum lífið og notar til að stofna eigið fyrirtæki,“ segir Margrét Jónsdóttir Njarðvík, stofnandi Mundo um starf sitt.

„Ég er alin upp í ferðamennsku, mamma stofnaði Leiðsögumannafélagið, ég var alltaf í sveit á Húsafelli og var orðin fararstjóri á Mallorca tvítug,“ segir hún. Margrét hefur áratuga reynslu í erlendum samskiptum og er með doktorspróf frá Princetón-háskóla og MBA-gráðu frá HR. Margrét kenndi spænsku í yfir tuttugu ár sem lektor í Háskóla Íslands og dósent í Háskólanum í Reykjavík. Hún stýrði alþjóðasviði HR og var fyrsti

●● Ég bjó til það sem mér fannst sjálfri vanta á íslenskum markaði, nefnilega örugga alþjóðlega reynslu fyrir ungmenni. Það er auðvelt að gefa börnum sínum rætur, en erfiðara að ljá þeim vængi þegar maður veit hvað er hættulegt úti í heimi.

Margrét Jónsdóttir Njarðvík

forstöðumaður meistaranáms í alþjóðavísitöllum við HR.

„Árið 2011 missti ég vinnuna og stóð á tímamótum og stofnaði Mundo. Mundo fór af stað sem ráðgjafarstofa í alþjóðamálum en jafnframt þá bjó ég til það sem mér fannst sjálfri vanta á íslenskum markaði, nefnilega örugga

alþjóðlega reynslu fyrir ungmenni. Það er auðvelt að gefa börnum sínum rætur, en erfiðara að ljá þeim vængi þegar maður veit hvað er margt hættulegt úti í heimi,“ segir Margrét.

Hún kom á fót sumarþúðum fyrir unglunga á Spáni þar sem þeir sitja jafnframt leiðtoganámskeið, og einnig skiptinámi í Þýskalandi, Spáni og Bandaríkjunum. „Það vantaði örugga alþjóðlega reynslu fyrir unglunga. Það hefur dregið svo mikið úr tungumálakennslu í framhaldsskólum að ef foreldrar vilja að börnin þeirra kunni einhver tungumál þá er nauðsynlegt að senda unglungana til útlanda,“ segir Margrét.

„Síðan hefur þetta undið upp á sig og nú býð ég upp á fjölda píligrímaferða, gangandi eða hjólandi, eftir Jakobsvegi (Santiago de Compostela) auk stórkostlegra ferða umhverfis Mont Blanc. Þá verða merkar ferðir til Perú og Írans og svo er full flugvél af grunnskólakennurum að fara á agastjórnumarnámskeið

í Madrid í lok þessa mánaðar,“ segir Margrét.

Hjá Mundo starfa þrír starfsmenn á Íslandi, en svo er Margrét mjög dugleg að úthýsa verkefnum. „Það er ofboðslega mikið af fólki sem vinnur fyrir mig verkefnaað, þannig lágmarka ég mína áhættu á meðan ég er að taka flugið.“

Margrét sér fram á að vinna við þetta um komandi ár og er alltaf með nóg af járnnum í eldinum. „Það eru að koma inn mjög skemmtilegir hlutir.

Mundo er dæmi um það þegar þér tekst að nota allt sem þú ert búinn að gera í gegnum lífið þér til framdráttar og vinnur einungis með styrkleikana þína – þannig að þér finnst þú aldrei vera í vinnunni – bara að leika þér. Í þessum ferðum mínum þá er ég að kenna, vinna með fólki og hreyfa mig. Það er bara öðruvísi útfærsla á því sem ég hef gert áður en í sérlega merkingarberu umhverfi fyrir mig,“ segir Margrét. saeunn@frettabladid.is

Stormasamt upphaf viku á hlutabréfamörkuðum

Hlutabréf víðsvegar um heiminn lækkuðu á mánudag og þriðjudag. Á mánudaginn hrundu hlutabréf á evrópskum mörkuðum. Nikkei 225 hlutabréfavisitalan í Japan féll í kjölfarið um 5,4 prósent eða um 918,86 stig í gær. Ljóst er því að vikan byrjar illa á hlutabréfamörkuðum.

Á mánudaginn hrundu hlutabréf á evrópskum markaði. Bréf í Deutsche Bank féllu mest eða um 9,5 prósent. Í kjölfarið hríðfelli hlutabréf í Japan á þriðjudaginn. Nikkei-vísitalan hefur ekki lækkað meira á einum degi síðan á miðju ári 2013.

Keðjuverkunin hélt svo áfram í Evrópu við opnun markaða þar. Hlutabréf í Deutsche Bank héldu áfram að lækka í gær. Klukkan fjögur um eftirmiðdag höfðu þau lækkað um rúmlega þrjú prósent. FTSE 100 í London lækkaði mest

5,4%

lækkun var á Nikkei vísitölunni í gær.

um nærri tvö prósent yfir daginn, en hafði lækkað um eitt prósent klukkan hálf fjögur um eftirmiðdaginn.

Svo virðist sem fjárfestar í Japan vilji frekar setja fé sitt í tíu ára ríkisskuldabréf, þar sem þau eru talin áhættuminni. Sú mikla eftirspurn hefur þó gert það að verkum að þau veita nú neikvæða ávöxtun í fyrsta sinn í sögunni. Ríkisskuldabréfin hafa verið á niðurleið frá því að seðlabanki Japans ákvað að gera innlánsvexti lánveitenda neikvæða í janúar. – sg



Nikkei 225 hlutabréfavisitalan hefur fallið um tíu prósent síðan í byrjun mánaðar.

FRÉTTABLAÐID/GETTY

'Big world small data'

Markaðsráðstefna 6.-7. apríl í Háskólabíói

Miðvikudagur 6. apríl 09:00-12:00

Markaðssetning áfangastaða

Í kjölfar alþjóðavæðingar og síaukins ferðamannastraums hefur markaðssetningu áfangastaða (place marketing) vaxið fiskur um hrygg. Við slíka markaðssetningu er mikilvægt að þekkja kauphegðun og neysluvenjur á hverjum áfangastað fyrir sig en í því sambandi geta ýmis sérkenni og jafnvel smæstu staðreyndir (small data) skipt gríðarlega miklu máli.



'Destination marketing'
Adam Stagliano
TBWA

Adam Stagliano stýrir alþjóðlegum markaðs-herferðum TBWA/London og er sérfræðingur í markaðssetningu áfangastaða. Á 25 ára ferli hefur hann markaðssett áfangastaði á borð við Disneyland, Toronto, Plymoth, Norður-Írland og Marokkó. Þá má nefna að frægt markaðsátak sem hann stýrði fyrir ástralska ferðamálaráðið er notað við kennslu í Harvard Business School.



'Growing your business on Facebook'
Hilde Hammer
Facebook

Hilde starfar sem verkefnastjóri alþjóðasviðs markaðslausna hjá Facebook í Dublin á Írlandi. Hún sérhæfir sig í að aðstoða meðalstór fyrirtæki og umboðsskrifstofur á Norðurlöndunum að vaxa og þróa sína starfsemi með hjálp Facebook. Hilde er með meistaraþráðu í alþjóðaviðskiptum og á meðal annars að baki feril í bankageiranum.



'Influencer Marketing'
Jón Bragi Gíslason
Ghost Lamp

Árið 2013 stofnaði Jón Bragi markaðstorgið Ghostlamp sem tengir vinsæla samfélagsmiðlanotendur við fyrirtæki sem vilja koma sér á framfæri við fylgjendur þeirra. Jón Bragi mun fara yfir þær breytingar sem hafa átt sér stað með tilkomu samfélagsmiðla og hvernig vörumerki geta nú haft meiri áhrif á kaupákvæðanir neytenda.

6. APRÍL

Adam Stagliano
Hilde Hammer
Jón Bragi Gíslason

7. APRÍL

Martin Lindstrom

Fimmtudagur 7. apríl 09:00-17:00

Martin Lindstrom höfundur 'Small data'



Nýjasta bók Lindstrom, **Small Data - The Tiny Clues That Uncover Huge Trends**, er afrakstur fimmtán ára rannsóknar hans á vörumerkjatryggð og kauphegðun. Við vinnslu bókarinnar tók Lindstrom viðtöl við um tvö þúsund manns í 77 löndum sem veita dýrmæta innsýn í daglega hegðun neytenda og hvað sú hegðun getur þýtt fyrir fyrirtæki. Í fyrirlestrinum fjallar Lindstrom um niðurstöður þessarar vinnu og gefur okkur vegvísi fyrir vörumerki 21. aldarinnar, sem mun án efa vekja athygli markaðsfólks sem og annarra sem hafa brennandi áhuga á mannlegri hegðun.

Lindstrom er höfundur sex metsölubóka um markaðsmál og árið 2009 valdi tímaritið Time Magazine, Lindstrom sem einn af 100 áhrifamestu hugsuðum veraldar. Lindstrom starfar í dag með nokkrum af stærstu vörumerkjum heims, svo sem LEGO, PepsiCo, Red Bull, Estée Lauder, Nestlé, GlaxoSmithKline, Procter & Gamble og Carrefour.

"A modern-day Sherlock Holmes." - Time Magazine



Kolbeinn Árnason, framkvæmdastjóri SFS.

Hafrannsóknir eru fjárhagslega skynsamlegar

Undanfarin ár hafa framlög til hafrannsóknna dregist saman. Fyrir hagkerfi sem byggir afkomu sína mikið til á sjávarútvegi hljóta öflugar hafrannsóknir að vera einkar mikilvægar og því er þetta mjög bagalegt ekki síst um þessar mundi þegar miklar umbreytingar eru í hafi sem við sem sjávarútvegsþjóð þurfum að gefa gaum.

Þetta sést vel þegar loðnan er skoðuð. Með auknu streymi hlýsjar norður fyrir land á tímabilinu frá því undir lok síðustu aldar hefur útbreiðsla loðnunnar færst norðar og vestar, frá landgrunninu NV af landinu og í átt til Grænlands og þar norður með. Jafnframt hefur göngumynstur hrygningarloðnu breyst og tímasetningar riðlast. Við þessar aðstæður hefur svæðið þar sem leita þarf loðnu stækkað verulega og tíminn lengst og því orðið erfðara að finna loðnuna til mælingar. Sérstaklega hefur þetta reynst erfitt undanfarin þrjú ár og gengið seint og illa að ákvarða endanlegan loðnukvóta vertiðanna út frá mælingum.

Á yfirstandandi vertíð er í fyrsta skipti byggt á nýrri aflareglu í loðnuveiðunum. Forsenda þess að hún yrði tekin upp var sú að menn myndu efla vöktun og rannsóknir. Staðan er hins vegar sú að skorið hefur verið enn frekar niður hjá Hafró.

Þessi tveir þættir – breytt útbreiðsla ásamt breyttu göngumynstri og breyttu aflareglu – kalla báðir á auknar loðnurannsóknir. Mikil verðmæti eru í húfi. Ætla má að hver veidd 10 þúsund tonn af loðnu sem unnin eru til mannelldis gefi um 1,2 milljarða króna í útlutningstekjur. Að sama skapi má ætla að 100 þúsund tonn gefi um 12 milljarða í útlutningstekjur. Loðnuveiði og vinnsla skipta allt þjóðarþætti miklu máli, skapa atvinnu á sjó og í landi, yta undir fjárfestingar og skapa veltu og framkvæmdir í samfélaginu.

Veidigjald á hvert kíló af loðnu upp úr sjó er kr. 3,54. Þannig gefa 100 þúsund tonn af loðnu 354 milljónir króna beint til ríkissjóðs í formi veiðigjalda á yfirstandandi fiskveiðiári. Auk veiðigjalds eru ýmis önnur opinber gjöld sem loðnuveiði og vinnsla skapar sbr. aflagjald, tryggingagjald, útsvar, kolefnisgjald og tekjuskattur.

Ætla má að hver úthaldsdagur á skipi Hafrannsóknarstofnunar kosti um 1,6 millj.kr. Misjafnt er eftir aðstæðum hversu langan tíma loðnumæling tekur. Ef loðnumæling tveggja skipa tekur til dæmis fimm daga þá þýðir það 16 millj.kr. í kostnað. Af ofangreindu má ljóst vera að auknar loðnurannsóknir eru ekki einungis nauðsynlegar heldur fjárhagslega skynsamlegar.

Hundrað sóttu kaupráðstefnu í Laugardalshöll



Átta hundrað og fimmtíu fulltrúar voru staddir á Icelandair Mid-Atlantic ferðakaupstefnunni sem fram fór í Laugardalshöll um síðustu Helgi. Tilgangurinn með kaupstefnunni var að tengja saman kaupendur og seljendur ferðapjónustu í þeim tilgangi að styrkja og auka ferðamannastrauminn til Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Öryggisbelti og bankareglur



Lars Christensen

alþjóðahagfræðingur

Ég segi gjarnan fólki að ég vilji nota leigubíla þar sem bílstjórinn notar ekki öryggisbelti. Þetta finnst fólki skrytið – að minnsta kosti þeim sem eru ekki hagfræðingar – því almenna viðhorfið er að fólk sem notar ekki bílbeltin sé „óábyrgara“.

En þeir sem þekkja til hinna svokölluðu Peltzman-áhrifa ættu ekki að verða hissa á dælæti mínu á „ábyrgðarlausum“ leigubílstjórum. Peltzman-áhrifin eru nefnd eftir Sam Peltzman hagfræðingi við Háskólann í Chicago.

Í mjög umdeildri grein – „The Effects of Automobile Safety Regulation“ (Áhrif öryggisreglna um bifreiðar) – í Journal of Political Economy frá 1975 sýndi Peltzman fram á að gagnstætt því sem búast

mætti við drógu lög um öryggisbelti í Bandaríkjunum ekki úr fjölda banaslysa í umferðinni.

Peltzman færði rök fyrir því að lög um öryggisbelti drægju úr líkunum á að bílstjórinn slasaðist ef bíllinn lenti í árekstri. Það aftur á móti hvetti til glannalegru aksturs. Hvor áhrifin yrðu meiri, skaðinn af fjölgun slysa eða minnkun skaðans þegar slysráðgjafi sagði Peltzman að reynslan yrði að leiða í ljós.

Peltzman komst að þeirri niðurstöðu að lögin um öryggisbelti hefðu sannarlega valdið fleiri slysum. En þessi áhrif væru nokkurn veginn þau sömu og áhrifin í hina áttina, að slysin væru ekki eins alvarleg. Svo að lögin hefðu ekki haft áhrif á nettó fjölda banaslysa. Hann fann einnig vísbendingar um að áhrif laganna gætu verið þau að draga úr banaslysum ökumanna, en þar sem ökumenn væru kærulausari væru því miður fleiri slysráðgjafi þar sem gangandi vegfarendur og hjólréiðamenn kæmu við sögu. Svo að dánartíðni þeirra vegna bíla hækkaði. Heildarfjöldi banaslysa var óbreyttur.

Það er augljóst að slíkar vangaveltur eiga ekki bara við um umferðaröryggi. Raunar ættum við að vera meðvítuð um Peltzman-áhrifin í öllum reglusetningum. Og það virðist sérstaklega eiga við um fjármálarégluverk.

●● Peltzman færði rök fyrir því að lög um öryggisbelti drægju úr líkunum á að bílstjórinn slasaðist ef bíllinn lenti í árekstri. Það aftur á móti hvetti til glannalegru aksturs. Hvor áhrifin yrðu meiri, skaðinn af fjölgun slysa eða minnkun skaðans þegar slysráðgjafi sagði Peltzman að reynslan yrði að leiða í ljós.

Hvað þýðir það, til dæmis, þegar við setjum upp innistæðutryggingakerfi til að draga úr „áhættu“ í fjármálagæiranum? Samkvæmt rökfræði Peltzman-áhrifanna gæti innistæðutrygging dregið úr hættunni á bankaáhláupum („ökumenn sem deyja“), en hún fær einnig bæði bankaeigendurna og sparifjäreigendur til að taka meiri áhættu. Raunar myndu sparifjäreigendur hneigjast til að velja áhættusæknari banka því ókostirnir eru takmarkaðir af innistæðutryggingunni ef bankinn hrynur, en bankar sem taka meiri

●● Þeir sem efast um að slík Peltzman-áhrif séu til staðar þegar fjármálarégluverk er annars vegar ættu að kanna hvernig íslensku bankarnir, fyrir íslenska bankahrúnið 2008, settu upp netbanka í löndum með riflegum innistæðutryggingakerfum.

áhættu geta borgað hærri vexti á innistæðum.

Þetta myndi einnig þýða að innleiðing innistæðutryggingakerfa væri líkleg til að minnka það eigið fé sem bankar kjósa að halda. Þetta er einmitt það sem Sam Peltzman hélt fram í fyrirlestri árið 2011.

Þeir sem efast um að slík Peltzman-áhrif séu til staðar þegar fjármálarégluverk er annars vegar ættu að kanna hvernig íslensku bankarnir, fyrir íslenska bankahrúnið 2008, settu upp netbanka í löndum með riflegum innistæðutryggingakerfum.

Eru svört föt verri en önnur föt?



Hin hliðin

Aðalheiður Snæbjarnardóttir

Hvað hugsar þú um þegar þú kaupir föt fyrir þig og fjölskylduna þína? Hvað þau kosta, hvernig þau nýtist, hvort þau muni endast, hvort Jói vaxi strax upp úr þessum buxum,

hvort þetta pils sé ennþá í tisku...? einhvers staðar í þessum hugsunum leynast mögulega aðrar vangaveltur: hver bjó þetta til, ætli þetta hafi verið framleitt af litlum börnum, ætli þetta hafi verið framleitt í Rana Plaza verksmiðjunni sem hrundi í Banglades?

Þessar síðastnefndu hugsanir eru farnar að heyrast oftar og herra. Talsmenn samfélagsábyrgðar hafa verið duglegir að vekja athygli á hryllilegum aðbúnaði starfsmanna, þrælalagði bæði á fullorðnum og

börnum, spillingu, umhverfismengun o.fl. Sem betur fer eru neytendur sífellt meðvitaðri um að þeir hafa bein áhrif á framleiðendur í gegnum neyslu sína.

Fataiðnaðurinn hefur sætt mikilli gagnrýni, ekki síst vegna vatnsóunar og eiturefnanotkunar við meðhöndlun og litun á fataefnum. Fáar iðngreinar nota jafn mikið vatn auk þess að eiturefni sem notuð eru við litunina berast með menguðu vatni út í vistkerfið í kringum verksmiðjurnar, í húð starfsmanna og í

húð neytenda. Hættulegustu eiturefni eru PPD sem finnst í mestu magni í svörtum fötum og NPE sem Evrópusambandið hefur bannað notkun á en fyrirfinnst samt í flestum fötum sem við kaupum. Það er vegna þess að efnin eru yfirleitt keypt inn frá löndum sem leyfir notkun NPE við litun á efni.

Sem betur fer þurfum við ekki að hætta alfarið að ganga í fötum af ótta við þessi eiturefni og önnur. Litaíðnaðurinn er að taka við sér og hefur náð árangri við minnkun

vatnsnotkunar við litun efna og verið er að þróa leiðir til að lita efni án vatnsnotkunar með því að þrýsta litnum inn í efnið með miklum þrýstingi. Sú leið dugir þó aðeins á gerviefni en náttúruleg efni svo sem ull og bómull eyðileggjast við meðferðina. Einnig eru framleiðendur að skoða það að stiga aftur til fortíðar og lita efni eingöngu með náttúrulegum hráefnum.

Endanleg lausn er ennþá ekki í sjónmáli en við getum kallað eftir úrbótum í gegnum kaupvenjur okkar.



Fiskislóð 10

625 m² á 2. hæð

Skrifstofuhúsnæði á vinsælu svæði nálægt höfninni. Nýr sérinnangangur á austurhlíð væntanlegur. Möguleiki á að innrétta eftir þörfum leigutaka.



Lágmúli 9, 395 m²

6. hæð í lyftuhúsi

Til leigu bjart og fallegt skrifstofuhúsnæði á 6. hæð með sérlega fallegu útsýni. Hæðin hefur nýlega verið endurnýjuð.



Hátún 2b

365 m² á 2. hæð

Vandaðar skrifstofur með parketi og gólfsíðum gluggum. Rúmgóð rými í kjallara bjóða upp á ýmsa nýtingarmöguleika



Höfðabakki 9

416 m² á 5. hæð

Skrifstofuhúsnæði í glæsilegri byggingu á 5. hæð. Möguleiki á að innrétta og endurnýja eftir þörfum leigutaka.

TIL LEIGU

Allar nánari upplýsingar, myndir og teikningar, má nálgast á www.reitir.is og hjá Halldóri Jenssyni sölustjóra í **840 2100** eða halldor@reitir.is.

Kringlan 4–12

103 Reykjavík

www.reitir.is

575 9000

REITIR

Velkomin til starfa

Stjórnar- maðurinn

@stjornarmadur

Sofandi menn

Sala Landsbankans á eignarhlut sínum í Borgun hefur verið í brenni-depli undanfarið.

Í grunninn snýst málið um að Landsbankinn virðist hafa tekið ákvörðun um að selja hlut sinn án þess að taka tillit til valréttar sem Borgun átti í tengslum við samruna Visa Inc. og Visa Europe.

Fyrir liggur að greiðslan hleypur á milljörðum og samkvæmt nýlegu verðmati er þriðjungshlutur í Borgun nú metinn á 6 til 8 milljarða sem væri þá þrefalt til fjórfalt það virði sem lagt var til grundvallar þegar Landsbankinn seldi Borgunarhlutinn.

Landsbankamenn hafa þurft að sæta mikilli gagnrýni. Ekki síst hefur verið bent á að eðlilegt hefði verið að selja félagið í opnu ferli, enda Landsbankinn í ríkiseigu og mikilvægt að sala eigna sé hafin yfir öll tvímæli.

Auðveldast hefði þó verið fyrir Landsbankamenn að vanda almennilega til verka við sölnuna. Vandí er um að spá hverju sætir en freistandi er að draga þá ályktun að viðlíka klúður hefði ekki komið upp í fyrirtæki í einkaeigu, þar sem glappaskot hitta fólk beint í hjartastað. Staðreyndin er nefnilega sú að fólk fer gjarna talsvert betur með eigið fé en annarra.

Landsbankamenn hafa nú gengið svo langt að ásaka forsvarsmenn Borgunar undir rós um að hafa leynit þá gögnum um valréttinn. Ljóst sé að erlend Visakortaumsvif Borgunar (sem eru undirstaða útreiknings greiðslu vegna valréttarins) hafi verið langtum meiri í raun heldur en gert var ráð fyrir í rekstraráætlunum.

Forsvarsmenn Borgunar voru snöggir til svars, og bentu á að í tengslum við viðskiptin hefði verið sett upp gagnaherbergi þar sem Landsbankanum, rétt eins og kaupendum, hefði átt að vera í lófa lagið að kynna sér helstu samninga, áætlanir og rekstrarstærðir Borgunar. Það hefði greinilega misfarist hjá Landsbankanum.

Við þetta má bæta að Landsbankinn setti sannarlega inn klásúlu um samþærilegan valrétt við sölnuna á hlut sínum í Valitor til Arion banka. Ekki hefur fengist almennileg skýring á því hvers vegna ekki var talin ástæða til að hafa sams konar orðalag í samningi um Borgun.

Vitanlega er ávallt auðvelt að vera vitur eftir á þegar viðskipti eru annars vegar. Til stjórnenda fyrirtækja og ráðgjafa má þó gera þá kröfu að faglega sé staðið að málum og þeir varnaglar slegnir sem eðlilegt getur talist.

Í þessu máli kemur tvennt til greina. Annaðhvort vissu fulltrúar Landsbankans betur, eða þeir unnu ekki vinnuna sína.



87

PRÓSENTA AUKNING Í FARÞEGA FJÓLDA

WOW air flutti 52 þúsund farþega til og frá landinu í janúar 2016 sem er 87 prósentu aukning frá sama mánuði í fyrra. Sætánýtingin í janúar var 84 prósent. Icelandair Group flutti 173 þúsund farþega í millilandaflugi í janúar, eða 15 prósentum fleiri en í fyrra. Sætánýting var 74,2 prósent.

208

MILLJARÐA KRÓNA SKULD

Ef Icesave-samningarnir, sem kenndir eru við Svavar Gestsson, hefðu verið samþykktir árið 2009 hefði ríkissjóður skuldað 208 milljarða króna, að gefnu óbreyttu gengi punds og evru, eða um 8,8 prósent af áætlaðri vergrí landsframleiðslu ársins 2016. Þetta kemur fram í svari á Visindavefnum.


04.02.2016

Engin haldbær skýring hefur fengist á því hvers vegna lögð var svo rík áhersla á að forðast flöggun, en með því móti var komið í veg fyrir að stórfelld kaup Landsbanka Íslands hf. á eigin hlutum í kauphöllinni kæmst til vitundar almennings, þar á meðal þeirra þúsunda manna sem áttu hlutabréf í félaginu.

Úr dómi Hæstaréttar í markaðsmisnotkunarmáli Landsbankans.



Miklu meira en bara ódýrt



24.995



Lunchbox Vinnuútlarp loksins komin aftur




Allt fyrir listamanninn



Kolibri trönur í miklu úrvali, gæðavara á góðu verði



Kolibri penslar Handgerðir þýskir penslar í hæsta gæðaflokki á afar hagstæðu verði



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

TÍMAMÓT



Kær frændi okkar,
Július Axelsson

Borgarnesi,
lést á dvalarheimilinu Brákarhlíð,
Borgarnesi, hinn 4. febrúar síðastliðinn.
Útför hans fer fram frá Borgarneskirkju
laugardaginn 20. febrúar nk. kl. 14.00.

**Jóhann E. Björnsson, Ingibjörg Björnsdóttir,
Oddur B. Björnsson og aðrir aðstandendur.**



Elskulegur faðir, tengdafaðir og afi,
Erlingur Konráð Steinsson
grunnskólakennari,

lést á dvalarheimilinu Grund 23. janúar.
Útför hans fer fram frá Fossvogskapellu
föstudaginn 12. febrúar kl. 13.00.

**Sverrir Erlingsson
Hörður Sævar Erlingsson
og barnabörn.**

**Birgith Larsen
Tina Petersen**



Elskulegur faðir minn,
tengdafaðir og afi,
Sveinn H. Ragnarsson

fv. félagsmálastjóri í Reykjavík,
verður jarðsönginn frá Háteigskirkju
föstudaginn 12. febrúar kl. 13.00.

**Sveinn Andri Sveinsson Þórunn Grétarsdóttir
Halldór Fannar Sveinsson
Guðbjörg Lilja Sveinsdóttir**



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir og afi,
Arnbjörn Ásgrímsson
rafeindavirkjameistari,
Sóleyjaríma 7,

lést á Landspítalanum þann 6. febrúar sl.
Útförin fer fram frá Grensáskirkju
föstudaginn 12. febrúar kl. 13.00.

**Heimir Sigurðsson Gróa Þóra Pétursdóttir
Eva Arnþórsdóttir
Ása Margrét Arnþórsdóttir
Valdimar Arnþórsson Rósmarý Úlfarsdóttir
Eygló Arnþórsdóttir Andy Holmes
barnabörn og barnabarnabörn.**



Bestu þakkir fyrir
sýnda samúð og
hlýhug við útfarir
foreldra okkar,
tengdforeldra, afa
og ömmu, langafa og
langömmu,

Gústavs og Elinóru Arnar

Sléttuvegi 29, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk deildar 3N á
Hjúkrunarheimilinu Eir fyrir góða og alúðlega umönnun.

**David O. Arnar Dagbjörg B. Sigurðardóttir
Páll G. Arnar Kristín B. Magnúsdóttir
Birgir T. Arnar Vildis Bergþórsdóttir
Marteinn Þ. Arnar S. Valdis Jóhannesdóttir
barnabörn og barnabarnabarn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli
og útfarir má senda á netfangið
timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 512 5000.

Hjartamamma segir frá

Á Íslandi fæðast um 70 börn á ári með hjartagalla. Árið 2012 var Viktoría Sól Jónsdóttir í þeim hópi, hún var hætt komin en lifir eðlilegu lífi, þökk sé læknum og hennar nánustu.

Viktoría Sól styrkist með hverju ári. En hún tekur allar pestir og þegar hún veikist er þröskuldurinn lágur. Við þurftum á tímabili að fara með hana á spítala ef hún fékk meira en 38 stiga hita. „Segir Dagmar Björk Heimisdóttir, móðir Viktoríu Sólar Jónsdóttur á fjórða ári sem fæddist með hjartagalla og hefur háð hetjulega baráttu fyrir tilveru sinni. Dagmar er ein af „hjartamömmunum“ í landinu og er tilbúin að deila þeirri reynslu sinni með lesendum.

„Viktoría Sól fæddist í maí 2012 og hjartagallinn greindist þegar hún var þriggja vikna. Hún var með öran andardrátt, svitnaði, tók grátköst og blánaði í framan,“ lýsir Dagmar. Strax var sýnt að litla stúlkan yrði að fara til Lundar í Svíþjóð í aðgerð, en fyrst var hún á vökueld Landspítalans í viku. „Ég mátti hvorki halda á henni á spítalanum né gefa henni brjóst, það var erfitt,“ rifjar Dagmar upp. Stóra-gerð á litla hjartanu fór fram í Lundi daginn eftir komuna þangað, gert við göt og klofna hjartaloku. Innan viku fékk Viktoría Sól þó hjartabilun og var vart hugað líf en sjö tíma gervihjartaloku-aðgerð gekk betur en nokkur þorði að vona. Tíu dögum síðar



Viktoría Sól og Dagmar Björk á góðri stundu. MYND/ÚR EINKASAFNI

fékk hún gangráð því hjartað sló ekki eðlilega. Sex mánaða þurfti hún enn að fljúga út í hveli svo hún fengi stærri gangráð sem mun fylgja henni það sem eftir er.

Eins og hálfis árs var Viktoría Sól enn komin til Lundar því blóðflæðið var ekki í lagi en læknað réðu bót á því. Nú lifir hún eðlilegu lífi undir vöku eftirliti, fer

til hjartalæknis mánaðarlega og í gangráðseftirlit 4. hvern mánuð. „Við tókum blóðprufur vikulega heima til að tækka á blóðþynningarlyfinu sem hún verður á ævilangt og nokkur önnur lyf fær hún þrisvar á dag,“ segir móðirin. „Stundum þarf hún þúst í kulda og við verðum að passa að hún borði vel.“ gun@frettabladid.is



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Sigríður Jóna
Sigurbjörnsdóttir**

frá Teig á Akranesi,

sem lést á Sjúkrahúsi Akraness þann
26. janúar síðastliðinn, verður
jarðsönginn frá Akraneskirkju
föstudaginn 12. febrúar kl. 14.

**Helga Árnadóttir
Guðmundur A. Alfreðsson
Daniel Árnason
Ursula Árnadóttir
Friðbjófur Arnar Árnason
barnabörn og langömmubörn.**

**Gunnar Oddsson
Guðríður Gia Ólafsdóttir
Guðmundur Á. Gunnarsson
Liney Simonardóttir**



Þökkum auðsýnda samúð og
hlýhug við andlát og útför elskulegrar
móður okkar, tengdamóður,
ömmu og langömmu,

Jóhönnu Maríu Björnsdóttur

Njarðarvöllum 2,
Reykjanesbæ,

er lést þann 17. desember.

**Ásta Björnsdóttir
Ólafur Björnsson
Anna Gunnlaug Egilsdóttir
barnabörn og langömmubörn.**

Rósa Ingvarsdóttir



Eiginmaður minn, pabbi okkar,
tengdapabbi, afi og langafi,

**Kjartan Reynir
Zophoníasson**

áður til heimilis að Fögrubrekku 8,
Kópavogi,

lést á Hrafnistu Hafnarfirði fimmtudaginn
4. febrúar. Útför hans fer fram í Digraneskirkju
föstudaginn 12. febrúar kl. 13. Þeim sem vilja minnst
hans er bent á félag aðstandenda Alzheimerssjúklinga.

**Stella Hjaltadóttir
Hjalti Kjartansson
Margrét Kjartansdóttir
Sveinn Kjartansson
afabörn og langafabörn.**

**Guðmundur Jóhannsson
Birna Geirlaug Kristinsdóttir**



Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,
Sýlvía Arnardóttir

lést á heimili sínu að Prestastíg 9,
Reykjavík, fimmtudaginn 4. febrúar
síðastliðinn.

Útför hennar fer fram frá Guðriðarkirkju
Grafarholti föstudaginn 12. febrúar kl. 13.00.

**Magnús Snorrason
Örn H. Magnússon
Anna Guðrún Magnúsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.**

**Sigrún Karlsdóttir
Valdimar Gestsson**



Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma, langamma og
langalangamma,
Sigríður Williamsdóttir

Hrauntungu 11, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Boðapíngi
þann 5. febrúar. Útför hennar fer fram frá
Digraneskirkju föstudaginn 19. febrúar kl. 13.

**Andrés Þ. Guðmundsson
Guðmundur Andrésson Ásthildur Davíðsdóttir
Inga Jóna Andrésdóttir
Ásta Andrésdóttir
Andrés Andrésson Anna Guðmundsdóttir
Jón William Andrésson
barnabörn og fjölskyldur þeirra.**

DANS & JÓGA KYNNIR



RISA

ZUMBA

party

THEA · JÓI · HRAFNHILDUR

PÁLL ÓSKAR

20. FEBRÚAR

VALSHÖLLIN

LAUGARDAGSMORGUN KL. 11.00

MIDASALA Á MIÐI.IS




HLJÓÐ, LÓS OG SVIÐ FRÁ HLJÓÐX



VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Miðvikudagur



Norðaustan- og austanátt. Nokkuð hvasst suðaustanlands og síðar einnig á Suðurlandi, annars hægari vindur. Snjókoma eða él, en þurrt og bjart veður vestan til á landinu fram eftir degi. Frost víða 1 til 8 stig, en hlánar við suðurströndina.

Fimmtudagur

Reykjavík -1° ↖ 3	Ísafjörður -1° ↖ 4	Akureyri -1° ↖ 12
--------------------------------	---------------------------------	--------------------------------

Egilsstaðir -1° ↖ 13	Kirkjubæjarkl. 1° ← 12	Hveravellir -3° ↑ 18
-----------------------------------	-------------------------------------	-----------------------------------

Föstudagur

Reykjavík 1° ← 9	Ísafjörður -5° ← 14	Akureyri -2° ↙ 8
-------------------------------	----------------------------------	-------------------------------

Egilsstaðir 1° ↑ 8	Kirkjubæjarkl. 2° ↖ 8	Hveravellir -1° ↑ 11
---------------------------------	------------------------------------	-----------------------------------

Þrautir

Krossgáta

- LÁRÉTT**
- spil
 6. pfn.
 - matjurt
 - gogg
 - í röð
 - miklu
 - digurmæli
 - voði
 - sönghópur
 - munda
 - golf áhald
 - ker

- LÓÐRÉTT**
- umdæmis
 - kúgun
 - sáluhjálp
 - angan
 - tilgáta
 - hélta á brott
 - stormur
 - stjörnur
 - kvöld
 - kvöld
 - kvöld

LAUSN

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19			20
21					

Sudoku

LÉTT

9		3	7					1
	8	2	5					4
5			6	2	3	7		
4		1		2	5	9		
				3	7		6	1
3	9							2
			2	1	5			
8	4	9						
1			4	8		3		

MIÐLUNGS

1	5			4			8	
2	3	6	9			1		7
		4			3			
4		2				1	6	
	9						5	
6		7				8		
			2	4		3		
3			5	6			7	
9			3					

ÞUNG

		7						2	
9	6	8						3	
			5	7	9	1			
		3	2				5		
	1	6				5		7	
			4					6	
				9	8	6			
			7		1				
4									1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku

6	1	8	3	2	4	9	5	7	6	7	4	9	3	8	1	2	5	7	9	1	6	3	5	8	4	2
9	4	7	1	5	6	2	3	8	1	8	3	2	6	5	7	9	4	8	2	5	1	7	4	3	9	6
2	3	5	7	8	9	1	4	6	2	9	5	7	4	1	6	8	3	6	3	4	8	9	2	1	5	7
4	2	3	5	9	8	6	7	1	4	2	8	1	7	3	9	5	6	9	6	7	2	8	1	4	3	5
7	5	9	6	1	3	8	2	4	5	1	6	8	9	4	3	7	2	1	5	3	4	6	7	9	2	8
8	6	1	4	7	2	3	9	5	7	3	9	5	2	6	8	4	1	2	4	8	9	5	3	6	7	1
5	7	2	8	3	1	4	6	9	8	4	1	3	5	7	2	6	9	3	8	2	5	4	6	7	1	9
3	8	6	9	4	7	5	1	2	9	6	7	4	1	2	5	3	8	4	1	6	7	2	9	5	8	3
1	9	4	2	6	5	7	8	3	3	5	2	6	8	9	4	1	7	5	7	9	3	1	8	2	6	4

Skák Gunnar Björnsson

Pissarski átti leik gegn Markus-chew árið 1983

Hvítur á leik



1. Be6! Svartur gaf því hann er mát eftir 1...Dxh4 2. Hxf8+ Hg8 3. Hxg8#.

www.skak.is: Skákkeppni vinnustaða fer fram í kvöld.

Myndasögur

PONDUS



GELGJAN



BARNALÁN



ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAGINN!

rekkjan
HEILSURÚM

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

TILKYNNIA ÖVDEKANDI Eða ÖLÓGLEGT EFINI Á NETIÐ

17

2017

Frumherji skoðar til öryggis Höfum heilar bifreiðar í umferð

GÓÐ
ÞJÓNUSTA
OG HAGSTÆÐ
KJÖR Á
SKOÐUNUM

NÝJUNG
**Sækjum
& sendum**
ÞJÓNUSTA

(á höfuðborgarsvæðinu)
Pantaðu í síma: 570 9113
Þjónustan kostar 1.950,-

Mundu að aftasti stafurinn í
bílnúmerinu þínu táknar þann mánuð
sem mæta á með bílinn í skoðun.

IS FE 17 012



ÞINN TÍMI ER DÝRMÆTUR!

Í febrúar bjóðum við upp á að sækja bílinn þinn í skoðun hvar sem er á höfuðborgarsvæðinu. Pantaðu þjónustuna í síma 570 9113 á opnunartíma Frumherja og gakktu frá greiðslu símleiðis. Bíllinn verður sóttur til þín innan sólarhrings og skilað aftur strax að lokinni skoðun. **Þjónustan kostar kr. 1.950** auk gjalds fyrir skoðunina sjálfa.



Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is



- örugg bifreiðaskoðun um allt land

MENNING

HÓTEL, GISTIHEIMILI OG VEITINGAHÚS

ER ALLT KLÁRT FYRIR SUMARIÐ?



HANDKLÆÐI

SÆNGUR & KODDAR



HÓTELRÚM OG -DÝNUR ALLAR STÆRÐIR



AUKARÚM/GESTARÚM



BORÐBÚNAÐUR



SÆNGURFÖT



LÖK OG HLÍFÐARDÝNUR



GER

BÍLDSHÖFÐA 20 | 110 REYKJAVÍK

SÍMI 558 1111 | www.ger.is | Netfang: ger@ger.is

GER heildsala býður vandaðar vörur fyrir hótél, gistiheimili, veitingahús og vörur fyrir smásöluverslanir. GER er rekin af móðurfélagi Húsgagnahallarinnar, Betra Bak og Dorma.

Hafið samband og verið velkomin í nýjan og glæsilegan sýningasal að Bildshöfða 20.



Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir leikur Pílu pínu af mikilli gleði og einlægni.

Litríkt og heillandi ferðalag

LEIKLIST

Píla pína

★★★★★

Menningarfélag Akureyrar (Leikfélag Akureyrar, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Menningarhúsið Hof)

Höfundur: Heiðís Norðfjörð, byggt á ævintýri Kristjáns frá Djúpalek
Leikgerð: Sara Marti Guðmundsdóttir og Sigrún Huld Skúladóttir
Leikstjóri: Sara Marti Guðmundsdóttir

Leikarar: Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir, Þórunn Lárusdóttir, Benedikt Karl Gröndal, Saga Jónsdóttir, Kjartan Darri Kristjánsson, Eik Haraldsdóttir, Eyþór Daði Eyþórsson, Bjarklind Ásta Brynjólfssdóttir, Freysteinn Sverrisson og Jón Páll Eyjólfsson

Tónlist: Heiðís Norðfjörð og Ragnhildur Gísladóttir

Tónlistarstjóri: Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson

Búningar og gervi: Margrét Einarsdóttir

Leikmynda- og brúðuhönnun: Rebekka A. Ingimundardóttir

Ljósahönnun: Magnús Arnar Sigurðarson

Myndbandshönnun: Ingi Bekk

Danshöfundur: Katrín Mist Haraldsdóttir

Menningarhúsið Hof á Akureyri var þéttsetið síðastliðinn sunnudag þegar barnaleikritið um hugrökku músina Pílu pínu var frumsýnt. Söguna og tónlistina þekkja sumir en ekki allir. Í stuttu máli fjallar verkið um músina einstöku Pílu pínu sem þráir ekkert heitar en að gera mömmu sína glaða. Hún heldur í hættuför í leit að fjölskyldu mömmu sinnar en á leiðinni finnur hún sjálfa sig, sjálfstraustið og meira að segja vængi.

Sýningin er fyrsta stóra samstarfsverkefnið innan Menningarfélags Akureyrar en Leikfélag Akureyrar, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Menningarhúsið Hof koma öll

að verkefninu. Samvinnan margborgar sig í metnaðarfullri sýningu þar sem öllu er til tjaldað; tíu manna hljómsveit, eldri barnakór Akureyrarkirkju og ógrynni af fólki bakvið tjöldin. Þá eru ónefnd þau sem skipa listræna teymið og leikarana sjálfa.

Sara Marti Guðmundsdóttir og Sigrún Huld Skúladóttir hafa gert vel í uppfærslu sinni á handritinu. Textinn er nútímavæddur án þess að þær gleymi sér í of mörgum vísunum og draga upp tengsl við samtímann án þess að hamra á tengingunum með beinum hætti. En mestu máli skiptir þó að þær láta tónlist Heiðísar Norðfjörð og Ragnhildar Gísladóttur ráða för og leyfa ljúfu tónunum að njóta sín, en ævintýri Kristjáns frá Djúpalek myndar kjarna sögunnar.

Músinn knáa Píla pína býr í Lyngbrekku með foreldrum sínum, hagamúsinni Manga og húsamúsinni Gínu, og tveimur systkinum. Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir leikur aðalhlutverkið af mikilli gleði og einlægni. Hún fer fallega með textann, kemur óöryggi Pílu vel til skila og syngur af miklu öryggi. Slíkt er ekki auðvelt í svo stórrí sýningu.

Þórunn Lárusdóttir leikur hina leiðu Gínu af mikilli list og unun er að hlusta á söng hennar. Það er kærkomið að sjá hana aftur á sviði en hún er jafnvíg á kómík og drama. Þau Benedikt Karl Gröndal eiga frábært atriði þegar Erla og Andri, mennsku miðbæjarrotturarnar, gera misheppnaða útleitulraun. Benedikt sinnir fjölbreyttum hlutverkum í sýningunni en blómstrar algjörlega í hlutverki Andra og tímasetningarnar hans heppnast ótrúlega vel.

Öll góð barnaleikrit verða að státa af óvini og Kjartan Darri Kristjánsson gerir hlutverki Kídda krumma góð skil. Þó er hann betri sem hinn vinalegi Markús margfætla, næmur á líkamsbeitingu og tilfinningalegan takt. Saga Jónsdóttir og söngrodd hennar fá að njóta sín í hlutverki Ömmu Trínu en móðursýkiskækir

Veru fróðu voru of mikið af því góða. Eik Haraldsdóttir, Eyþór Daði Eyþórsson, Bjarklind Ásta Brynjólfssdóttir og Freysteinn Sverrisson fara með hlutverk yngri músa og standa sig með þryði, þó verður sérstaklega að nefna fallega söngrodd Eikar.

Leikhússtjórnin, Jón Páll Eyjólfsson, stígur sjálfur á sviði í litlu hlutverki sem vakti mikla kátínu en að sama skapi svolitinn ugg með yngstu leikhúsgestunum. Hann og Benedikt njóta þess augljóslega að leika klækjotta og illgjarna krumma sem minna um margt á meðlimi mótörhólagengis, í leðurbuxum og skúfuðum svörtum jökkum.

Leikstjórn Söru Marti Guðmundsdóttur er skýr og hugsuð í þaula, þótt ögn skorti á taktbreytingar í framvindunni og aðeins meiri kraft í dansatriðin. Ferðalag Pílu pínu leiðir hana á óvænta staði og magnað að sjá hvernig Sara Marti og listræna teymið vinnur með stærðargráður í þessum ævintýraheimi. Þar leikur leikmynda- og brúðuhönnun Rebekku A. Ingimundardóttur stórt hlutverk. Sviðsramminn er vissulega klassískur en hún finnur frumlegar leiðir til að nýta sviðið að fullu. Myndbandshönnun Inga Bekk, með dyggri aðstoð frá teiknurunum Dan Denton og Ana Stefaniak, dýpkar heiminn enn frekar: Áhorfendur fara á flug, hverfa ofan í jörðina og eru króaðir af stórhættulegum ketti. Smíðshöggvið slær síðan Margrét Einarsdóttir með ákaflega litríkum búningum og snjallri grímuhönnun, og þar á gervi Markúsar margfætlu vinninginn.

Píla pína er bráðskemmtileg fjölskyldusýning, í senn fyndin og rík af mikilvægum boðskap. Hún er þó helst til of síðuð og hófstíll til að ná alla leið upp í haloftin en ferðalagið er svo sannarlega fjörugt og heillandi.

Sigríður Jónsdóttir

NIÐURSTAÐA: Hugljúf og einlæg sýning.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT



DÚNDUR FRETIR

FLYTJA

CLASSIC ROCK

1. APRÍL Í ELDBORG

LED ZEPPELIN - DEEP PURPLE - PINK FLOYD - URIAH HEEP OG FLEIRI
KLASSÍSKT ROKK EINS OG ÞAÐ GERIST BEST

MIÐASALA HEFST ÞRIÐJUDAGINN 16. FEBRÚAR Á HARPA.IS - TIX.IS OG Í SÍMA 528 50 50

Haldi áfram að endurspegla kraftinn í myndlistinni

Sigrún Inga Hrólfsdóttir er nýráðin deildarforseti myndlistardeildar Listaháskóla Íslands. Hún hefur alla tíð sótt í kennsluna meðfram myndlistinni sem hún segir standa í miklum blóma á Íslandi.

Nýverið var Sigrún Inga Hrólfsdóttir myndlistarmaður ráðin deildarforseti myndlistardeildar Listaháskóla Íslands. Sigrún Inga á að baki forvitnilegan feril í myndlistinni og var m.a. á meðal stofnenda Gjörningaklúbbsins árið 1996 en verk klúbbsins hafa á liðnum árum farið víða um veröldina og eru í eigu fjölmargra opinberra- sem og einkasafna erlendis.

Það er sérstakt við feril Sigrúnar Ingu að eftir að hafa unnið með ýmsa miðla, aðallega teikningu, vídeó og innsetningar þá hefur hún í seinni tíð snúið sér meira að málverki. Það má því kannski segja að út frá miðlunum sé hún sem listakona að ferðast aftur í tímann en hún hlær nú að því við tilhugsunina. „Ég útskrifaðist reyndar úr grafíkdeild þannig að ég byrjaði í frekar hefðbundinni menntun og lærði allar mögulegar útfærslur á steinþrykki og ætingum og öllu því. En síðasta árið mitt í Mynd og hand þá sótti ég alltaf meira og meira í fjöltæknideildina og þá var Gjörningaklúbburinn stofnaður. Þá uppgötvaði ég hvað það er mikil orka í samvinnunni og hvað hlutirnir geta gengið hratt fyrir sig þegar maður er í virku samtali.

Samstarfið okkar í klúbbnum byrjaði í gjörningum og við komum úr ólíkum deildum. Fljótlega þróaðist þetta þannig að við fórum að vinna verk sem voru svona meira efnislegt út frá performansinum og fórum að búa til búninga og svo framvegis. Skapa heildarpakka sem leiddi af sér afurðir eins og skúlptúra, video, ljósmyndir og svo framvegis. Það hefur einhvern veginn verið þannig hjá okkur að hugmyndin kallar á útfærsluna og stýrir þannig miðlinum hverju sinni.“

Málverkið mitt

En nú er Sigrún Inga komin í málverkið og það hljóta að vera ákveðin viðbrögð. „Ég er alls ekki að vinna eingöngu með málverkið en þó að nokkru leyti. Ég er að vinna figúratíft málverk þar sem ég er að mála myndir af því sem er nálægt mér hverju sinni; systkinum mínum, heimspekingum sem ég er



Sigrún Inga Hrólfsdóttir myndlistarmaður hefur fengist við fjölbreytta listsköpun. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

að lesa og börnunum og svo framvegis. Það er svo mikil hugsun fólgin í því að nálgast hlutina með þessum hætti. Maður einhvern veginn tekur tilveruna öðruvísi inn þegar maður setur hana í gegnum þessa myllu sem felst í því að búa til teikningu eða málverk af því sem maður er að hugsa um hverju sinni.

Annars gerðum við í Gjörningaklúbbnum reyndar tilraunir með að gera málverk saman en það reyndist þrautin þyngri og ekki mjög flæðandi samstarf þar,“ segir Sigrún Inga og hlær við tilhugsunina.

Félagsvera og einfari

Sigrún Inga segir að það verði vissulega nokkur viðbrögð að starfa í

stöðugu umhverfi Listaháskólans sem er vissulega ólíkt þeirri óvissu sem myndlistarmenn búi flestir við frá degi til dags. „Ég tek við rosalega góðri deild þar sem er virk og mikil starfsemi og ég hef verið stundakennari og þekki vel það góða fólk sem þarna starfar. En auðvitað hefur það verið þannig í þessi tuttugu ár sem ég hef verið að vinna í myndlistinni að þá hefur maður nú ekki alltaf vitað hvað gerist næst og óvissan hefur oft verið mikil. Þannig að það er líka skemmtilegt að prófa að vinna í svona stöðugu umhverfi.“

Sigrún Inga segir að það hafi líka alltaf haft mikil áhrif á sig sem listamann að vera einnig í kennslunni.

„Mér finnst ég alltaf græða miklu meira á kennslunni en nemendurnir. Ég hef því alltaf sótt mikið í kennsluna og hef eiginlega á hverju ári kennt að minnsta kosti eitt námskeið því það er einhver orka þarna sem ég sækir í. En þó svo að ég sé eflaust félagsvera þá er ég líka mikill einfari í mér og finnst ekkert leiðinlegt að vera bara með mér.“

Kraftur í myndlistinni

Sigrún Inga segir að vissulega eigi hún eftir að gera einhverjar áherslubreyingar á deildinni þó ekki sé tímabært að upplýsa um slíkt. „Það eru líka prófessoraskipti á döfinni þar sem sumir eru búnir með sín tímabil og þá kemur að því að maður

muni ráða nýja aðila inn í deildina og það verður mikil og skemmtileg áskorun. Ég er á því að það sé mikilvægt að þetta róteri aðeins og ég vil að þarna séu listamenn í fremstu röð. Fólk á ekkert að vera að stoppa þarna of lengi því það þarf líka að hafa tíma til þess að sinna sinni list.

Ég sé fyrir mér að deildin eigi að halda áfram að endurspegla það kraftmikla myndlistarlíf sem er í landinu, þó svo það sjáist nú ekki í fjölmiðlum. Það eru frábærir kennarar við skólann og á hverju ári koma spennandi gestafyrirlesarar og allt þetta góða fólk kemur úr þessu kraftmikla listalífi sem er að finna í landinu. Þannig vil ég að það verði áfram.“

Ljóð og hljóð eru nátengd

Ljóðfæri nefnist ljóða- og tónlistardagskrá sem feðgarnir Þórarinn og Halldór Eldjárn standa fyrir í menningarhúsinu Mengi við Óðinsgötu 2 annað kvöld, fimmtudag.

„Dagskráin byggist á því að ég les eigin ljóð og Halldór sonur minn fremur músík sem er innblásin af þeim. Allt er það gert út frá einhverri tilfinningu sem við eigum erfitt með að útskýra. Halldór samdi hljóma-grunna en þó gerist dálítið mikið á staðnum.“

Þannig lýsir Þórarinn Eldjárn skáld og rithöfundur viðburði sem þeir Halldór sonur hans halda sameiginlega í Mengi annað kvöld klukkan 21. Þeir fluttu efnið þar á síðasta hausti við góðar undirtektir en Þórarinn segir um spuna að ræða að nokkru leyti, því verði þessi flutningur að einhverju leyti frábrugðinn. Þeir feðgar hafa flokkað

ljóðin niður í syrpur sem þeir kalla ýmsum nöfnum sín á milli. „Það fær enginn annar að heyra þau nöfn,“ tekur skáldið fram. „En hver syrpa hangir dálítið saman.“

Halldór er slagverksleikari og tölvunarfræðingur, hefur fengist mikið við raftónlist og er í hljómsveit sem heitir Sykur. „Halldór er að verða 25 ára, frjór og skapandi strákur og það er mikil ánægja fyrir mig að vinna að þessu verkefni með honum,“ segir Þórarinn stoltur og bætur við: „Sem slagverksleikari vinnur Halldór mikið með rythma og hrynjandi og bragur byggist á hrynjandi, því er tilvalið að flétta þeim saman. Ljóð og hljóð eru nátengd.“ gun@frettabladid.is



„Allt er gert út frá einhverri tilfinningu sem við eigum erfitt með að útskýra,“ segir Þórarinn um gjörning þeirra Halldórs. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HUNDÓDÝR -ÚTSALA-



FULL BÚÐ AF VÖNDUEÐUM SKÓM OG FATNAÐI Á ALLA FJÖLSKYLDUNA!

Nike • Adidas • Puma • Asics • Didrikson • Champion • Roxy • Speedo • Seafolly
Arena • Zara • Levis • Lee • Wrangler • Boswell • Lindbergh • Shine • Sixmix
Imac • Kaffe • Ueto • B young • Oasis • All saints • Fransa • ... og fl.

*AFSLÁTTURINN GILDIR AF OUTLETVERÐUM OG GETUR ÞÚJ TUMMUR ALLT AD 80% FRÁ UPPHAFLEGU VERÐI VERSLANA!



STÆRSTA OUTLET LANDSINS!

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opð mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

KORPU
OUTLET

LAUGARÁS BÍÓ

miði.is Miðsætt og nánnari upplýsingar

COCA-COLA LAUGARÁS BÍÓ

BAD ASS. SMART ASS. GREAT ASS. DEADPOOL FORSYNING

THE CHOICE 8, 10:20

ALVIN & ÍKORNARNIR 5:50 ISL, TAL

THE BOY 10:20

THE REVENANT 5:50, 9

RIDE ALONG 2 5:50

ÖSKUDAGSGLEÐI

FRÍTT Í BÍÓ MEDAN HÚSRÚM LEYFIR KLUKKAN 15:50 Í DAG Á NONNI NORÐURSINS, EF ÞÚ MÆTIR Í BÚNING EDA SYNGUR FYRIR OKKUR. HÚSIÐ OPNAR KLUKKAN 15:20 - FYRSTIR KOMA, FYRSTIR FÁ! LAUGARÁS BÍÓ - ALLTAF GAMAN

LAUGARÁS BÍÓ Syningartímar

DEADPOOL	8 FORSYNING
THE CHOICE	8, 10:20
ALVIN & ÍKORNARNIR	5:50 ISL, TAL
THE BOY	10:20
THE REVENANT	5:50, 9
RIDE ALONG 2	5:50

SAMBIÓIÐ NÁÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ ÞAÐ MARGBORGAR SIG

Nýjasta stórmynd leikstjórans Michael Bay

13 HOURS THE SECRET SOLDIERS OF BENCHAZZ

DIRTY GRANDPA Frábær grínmynd frá þeim sömu og færðu okkur BORAT

CREED ÓSKARSTILNEFNING Besti leikari í aukahlutverki - Sylvester Stallone

DEADPOOL m.a. Besta myndin Besti leikari í aukahlutverki - Christian Bale Besti leikstjóri - Adam McKay

THE BIG SHORT Frábær teiknimynd fyrir alla fjölskylduna

5 ÓSKARSTILNEFNINGAR

ÁLFABAKKA

13 HOURS	kl. 5:30 - 8:30 - 10:20
13 HOURS VIP	kl. 5:30 - 8:30
DIRTY GRANDPA	kl. 5:40 - 8 - 10:20
CREED	kl. 5:30 - 8:30
ÚBBS! NÓI ER FARINN... ISL, TAL	kl. 6
DADDY'S HOME	kl. 8
STAR WARS 3D	kl. 5:30 - 8:30

KEFLAVÍK

13 HOURS	kl. 8 - 10:20
DIRTY GRANDPA	kl. 8

AKUREYRI

13 HOURS	kl. 7:20 - 10:20
DIRTY GRANDPA	kl. 8 - 10:20
ÚBBS! NÓI ER FARINN... ISL, TAL	kl. 5:30
DADDY'S HOME	kl. 5:50

EGILSHÖLL

DEADPOOL	kl. 8
13 HOURS	kl. 5 - 8 - 10:20
DIRTY GRANDPA	kl. 5:40 - 8 - 10:40
CREED	kl. 8 - 10:20
ÚBBS! NÓI ER FARINN... ISL, TAL	kl. 5:30
DADDY'S HOME	kl. 5:40

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

WILL SMITH 9 **CONCUSSION**

KAFLODNIÐ OG KRÚTLEIGIR L **ALVIN & ÍKORNARNIR** ÁVENTYRIS MIKLA

DEADPOOL FORSALA HAFIN FRUMSÝND 12. FEBRÚAR

6 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVÉRLAUNA BESTA MYNDIN

12 ÓSKARS TILNEFNINGAR Besta myndin Besti leikstjóri Besti leikari Besti leikari í aukahlutverki Golden Globe Verðlaun

SPOTLIGHT BESTA MYNDIN

THE REVENANT BESTA MYNDIN

Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

DW

Daniel Wellington

Valentínusardagurinn – Konudagurinn

Gefðu ástinni þinni DW úr og natoól fylgir frítt með til 21. febrúar



BIO PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Joy	17:30
A Blast	18:00
Virgin mountain / Fúsi ENG SUB	18:00
Youth	20:00
Njósnir, lygar og fjölskyldubönd ENG SUB	20:00
Rams / Hrútar ENG SUB	20:00
A Perfect day	22:30
Marguerite	22:00
Sparrows / Þrestir ENG SUB	22:00

Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

tveimur í dag. Allir eru velkomnir og verður heitt á könnunni. Aðgangur ókeypis.

Hvað? Kynningarkvöld JCI
Hvenær? 20.00
Hvar? Háskólinn í Reykjavík
 JCI er fyrir fólk á aldrinum 18 til 40 ára og er hugsað sem vettvangur fyrir fólk til að sækja námskeið, vikka tengslanet og stuðningur við framkvæmdargleðina sem þarf til að ýta eigin hugmyndum í framkvæmd. Þetta kynningarkvöld er nýtt til að kynna hreyfinguna og þá gefst þátttakendum tækifæri til að kynna félögum og fá innsýn í starfið. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

Leiksyningar

Hvað? Improv Island
Hvenær? 19.30
Hvar? Þjóðleikhúskjallarinn
 Improv Island stendur fyrir fjölbreyttum grín- og spunasýningum, þar sem ekkert er ákveðið fyrirfram. Aðgangseyrir 1.500 krónur og allir velkomnir.

Hvað? Frami-Aukasýning
Hvenær? 20.30
Hvar? Tjarnarbíó
 Sviðsverk eftir Björn Leó Brynjarsson sem fengið hefur góða dóma, Aðgangseyrir 2.500 krónur og fer miðasala fram á miði.is.

Önnur afþreying

Hvað? Bjórbingó
Hvenær? 20.00
Hvar? Stúdentakjallarinn
 Háskólanemar standa fyrir bingókvöldi og safna þar fyrir sumarþúðum Styrtarfélags lamaðra og fatlaðra í Reykjadal. Allir hjartanlega velkomnir að koma og vera með.

Hvað? Karaoki party
Hvenær? 21.00
Hvar? American bar
 Partý þar sem stuðið mun ráða för. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.



10. FEBRÚAR 2016

Fyrirlestrar og erindi

Hvað? Að djamma með Konfúsíusi: siðfræði og tónlist í konfúsíanismi
Hvenær? 11.45
Hvar? Háskóla Íslands, Lögberg 102
 Í dag stendur Konfúsíusarstofnunin Norðurljós og Heimspækistofnun fyrir fyrirlestri dr. Vytis Silius. Allir velkomnir.

Hvað? Sagnakaffi, Hér og þar. Raunar-sögur popparans
Hvenær? 20.00
Hvar? Gerðubergi
 Ingólfur Þórarinnsson, eða Ingó veðurguð, kemur í heimsókn í Gerðuberg í kvöld. Erú sagðar sögur í tónum, tali, takti og leik. Gestir kvöldsins fá einnig að stíga á stokk og spreyta sig undir stjórn Ólafar Sverrisdóttur leikkonu, sem hefur umsjón með viðburðinum. Allir hjartanlega velkomnir og aðgangur ókeypis.

Hvað? Framadagur Háskólanna
Hvenær? 11.00
Hvar? Háskólinn í Reykjavík
 Framadagur er árlegur viðburður í háskóla-lífinu. Á hverju ári koma nokkur helstu fyrirtækja landsins sem kynna starfsemi sína. Rúta fer milli Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík allan daginn, fyrst klukkan 10.45 og svo á korters fresti, nemendum að kostnaðarlausu.

Hvað? Opinn fundur með þingmönnum og ráðherrum Reykjavíkurumræðamanna
Hvenær? 17.00
Hvar? Valhöll
 Vörður - fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík boðar til opins fundar með þingmönnum og ráðherrum Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurborgardæmunum

SKEMMTIPAKKINN

FÁRÁNLEGA FLOTTUR PAKKI

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT á 365.is

365

365.is Sími 1817

9.290 kr. Aðeins 310 kr. á dag

Hér skal nú glens og gaman

Skemmtidagskrá öskudagsins kl. 11-17

- Búningasamkeppni fyrir einstaklinga og hópa
- Ókeypis myndataka og útprentun
- Lukkuhjól - engin núll
- Ókeypis andlitsmálun
- Nammi og fjör



Fyndnasti búningurinn 2015
Einstaklingskeppni

Flottasti búningurinn 2015
Einstaklingskeppni

Fyndnustu búningarnir 2015
Hópakeppni

Flottustu búningarnir 2015
Hópakeppni

Óvæntasti búningurinn 2015
Einstaklingskeppni

Óvæntustu búningarnir 2015
Hópakeppni

Við hlökkum til að sjá ykkur!

Verzlun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opin 9:30-20:30 - www.IKEA.is



GRAFÍK OG MARGMIÐLUN

VILTU LÆRA AÐ SETJA UPP EIGIN VEFSÍÐU, VINNA EIGIÐ MYNDBAND EÐA ÚTBÚA KYNNINGAREFNI? VILTU KUNNA Á HELSTU HUGBÚNAÐARLAUSNIR Í GRAFÍK, MARGMIÐLUN, HÖNNUN EÐA LJÓSMYNDUN? REYNDIR LEIÐBEINENDUR OG RAUNVERKEFNI.

NÆSTU NÁMSKEIÐ:

GRAFÍSK HÖNNUN

hefst 11. febrúar

PREMIERE PRO

hefst 13. febrúar

ALVÖRU VEFSÍÐUGERÐ

hefst 29. mars

INDESIGN

hefst 6. apríl

PHOTOSHOP EXPERT

hefst 20. apríl



NTV skólinn sérhæfir sig í hagnýtu og starfsmiðuðu námi í samvinnu við mörg af leiðandi fyrirtækjum landsins. Kennsla í NTV er verkefnamiðuð og fer fram í litlum hópum í nánú samstarfi við kennara. NTV er viðurkenndur fræðsluaðili af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er alþjóðleg prófamiðstöð.

www.ntv.is

ntv

Nýi tölvu- og
viðskiptaskólinn



Guðmundur hefur lengi borið drauminn um búningahönnuðinn í brjosti og velti á sínum tíma fyrir sér að feta þann veg. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fín tilbreyting að þurfa að gegna öðrum

Guðmundur Jörundsson, sem gert hefur garðinn frægan fyrir hönnun sína undir merkinu JÖR lætur gamlan draum rætast er hann sér um búningahönnun fyrir leiksýninguna Illsku sem frumsýnd verður síðar í mánuðinum.

„Ég elska leikhús, það er mjög gaman að fara í þetta. Sjálfur var ég nánast eingöngu í búningum fyrstu tíu ár ævi minnar. Ég elska búninga,“ segir Guðmundur Jörundsson, kenndur við Jör, sem nú lætur til sín taka á fjöllum Borgarleikhússins. Um er að ræða búninga fyrir sýninguna Illsku sem frumsýnd verður um miðjan mánuðinn, og er í höndum leikhópsins Óskabörn ógæfunnar.

„Þetta er svolítið öðruvísi, en svona skemmtilega öðruvísi.

Maður þarf að beita ákveðnu æðrleysi, þar sem ég er nokkuð óvanur því að hlutirnir megji ekki vera kúl, en þar sem þetta er nútímaleikhús eru þetta ekki beint búningabúningar. Þetta er kannski svona fallega ljótt ef ég get sagt það. En ég held að það sé gott fyrir sálina að mega ekki gera eitthvað kúl og flott, heldur eitthvað allt annað,“ bendir Guðmundur létur á, en líkt og flestir vita er JÖR eitt heitasta hönnunarmerkið héraendis um þessar mundir og hefur

ÞETTA ER SAMT ÞÍNULÍTIÐ FYNDIÐ, AÐ Í MÖRGU ER ÞAÐ AÐ SKAPA FATAMERKI EKKERT SVO ÓLÍKT LEIKSTJÓRAHLUTVERKINU.

verið um dágóðan tíma. Það liggur því beinast við að spyrja hvernig standi á að hann sé nú kominn á bólakaf í leikhúsbúningaspekúlasjónir? „Viggi það mig bara um þetta, og ég er alltaf til í eitthvert rugl. Maður væri reyndar alveg til í að hafa meiri tíma í þetta, ég hef alltaf verið sökker fyrir leikhúsum og var á sínum tíma mikið að þæla í að fara út í búningahönnun, en valdi svo fatahönnunina fram yfir.“

Er verkinu leikstýrt af Vigni Þór Valþórssyni, og fara Sveinn Ólafur

Gunnarsson, Sólveig Guðmundsdóttir og Hannes Óli Ágústsson með hlutverkin, og verða þar af leiðandi sveipuð frumraun Guðmundar á sviðinu.

„Þetta er samt þínulítið fyndið, að í mörgu er það að skapa fatamerki ekkert svo ólíkt leikstjórahlutverkinu. Maður þarf að halda utan um allt, stýra hvernig allt á að vera og svo taka lokaákvæðanirnar. Mér finnst ágætis tilbreyting að þurfa að gegna öðrum,“ útskýrir hann að lokum. – ga

Stórleikarinn Ólafur Darri fræðir háskólanema um sjálfstraust

„Það eru forréttindi að vera beðinn um að taka þátt í svona verkefni og gaman að hitta nýtt fólk, geta deilt reynslu minni og orðið öðru fólki hvatning,“ segir Ólafur Darri leikari aðspurður um heimsókn sína í Háskóla Íslands í gær. Þar heimsótti hann hóp nemenda sem safna fyrir sumarþúðum fatlaðra í Reykjadal.

Er þetta í annað skiptið sem Ólafur Darri tekur að sér að kenna nemendum skólans.

„Elmar hafði samband við mig í fyrra og það var rosalega gaman og sérstaklega gaman fyrir mann eins og mig sem er vanur að vinna bara með fólki í mínum geira, svo ég ákvað að slá til aftur. Ég segi þeim létt frá mér og mínum tíma í leiklistinni og hvað það er mikilvægt að fara varlega og hlúa að sér þegar gengur bæði vel og illa,“ segir Ólafur Darri um fyrirlesturinn sem hann flytur sem gestakennari.

ÉG SEGI ÞEIM LÉTT FRÁ MÉR OG MÍNUM TÍMA Í LEIKLISTINNI OG HVAÐ ÞAÐ ER MIKILVÆGT AÐ FARA VARLEGA OG HLÚA AÐ SÉR ÞEGAR GENGUR BÆÐI VEL OG ILLA.

Þykir sæta tíðindum að Ólafur Darri gefi sér tíma til að hitta nemendur og miðla af reynslu sinni. En líkt og alþjóð veit er um að ræða einn okkar fremsta leikara, sem hefur í nægu að snúast í kvikmyndabransanum, hvort sem er hér heima eða erlendis. Hann hefur landað hverri stóru rullunni á fætur annarri úti í hinum stóra heimi.

„Mér finnst þetta alveg frábærlega vel skipulagt og vel að þessu staðið hjá Elvari Hallgríms, kennara námskeiðsins,“ segir hann ánægður með framtakið í heild sinni. – gj



Ólafur Darri Ólafsson gefur sér tíma og fræðir nemendur Háskóla Íslands um sjálfstraust. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Frestur til
að senda tilnefningar
er til miðnættis
1. mars

HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ **GÓÐVERKI?**

ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2016

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag.

Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingavott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS ERU VEITT Í FIMM FLOKKUM.

1 Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

2 Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

3 Til atlögu gegn fordómum.

Eintaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

4 Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

5 Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll. Verðlaunafé 1,2 milljónir.

Sendið tilnefningar á hleknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á visir.is/samfelagsverdlaun, með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt:

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.

Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í mars.



SAMFÉLAGSVERÐLAUN

FRÉTTABLAÐIÐ

365



Aðal í fyrsta

Jökull Júlíusson ræðir málin í hljóðverinu Blackbird Studio í Nashville. MYND/KYLE REINFORD

HÁMARK
PRÓTEINDRYKKUR

SUNNUDAGA KL.19:10

ÍSLAND GOT TALENT

Á SUNNUDAGSKVÖLDUM

STJÖRNURNAR SKÍNA SKÆRT

Hæfileikaríkt fólk á öllum aldri stígur á sviði í **Ísland Got Talent**. Hvaða atriði ná að hrífa **Ágústu Evu, Dr. Gunna, Jakob Frímann** og **Mörtu Maríu** næst? **Vertu með í veislunni** á sunnudagskvöldum á **Stöð 2**.

Hljómsveitin Kaleo verður aðalnúmerið á tónleikaferð um Bandaríkin í fyrsta sinn. Upptökur eru að klárast á nýrri plötu vestanhafs.

Hljómsveitin Kaleo er um þessar mundir á leið í sína fyrstu tónleikaferð um Bandaríkin sem svokallað aðalnúmer. „Þetta er okkar fyrsti „headline“ túr um Bandaríkin sem er mjög spennandi, sérstaklega þar sem hann er að seljast upp hratt. Túrin hefst 18. febrúar og er í ca. fjórar vikur,“ segir Jökull Júlíusson, söngvari og annar gítarleikara hljómsveitarinnar Kaleo. Þeir félagar verða með upphitunarhljómsveit á tónleikaferðalaginu sem heitir Firekid en sveitin sú er hjá sama plötufrirtæki og Kaleo, Atlantic Records.

Hljómsveitin hefur gert út frá höfuðstað Texas-fylkis, Austin, í rúmt ár og hefur haft í nógu að snúast. Hún er um þessar mundir að leggja lokahönd á upptökur á sinni fyrstu plötu vestanhafs. „Upptökur eru búnar að ganga mjög vel. Við eyddum nánast öllum janúar í Nashville svo að við erum nýkomnir aftur til Texas í undirbúning fyrir næsta túr,“ segir Jökull. Hann getur þó ekki sagt til um hvenær platan verður tilbúin að svo stöddu. „Hún verður vonandi til sem fyrst. Við erum að hefja mix-ferlið á einhverjum lögum svo við erum langt komnir en það er ómögulegt að segja nákvæmlega hvenær hún verður tilbúin. Við vonumst til að hún komi út í sumar. Við erum auðvitað að gefa út í fyrsta skipti með Atlantic Records svo að þeir stjórna svoltið ferðinni með útgáfutíma og markaðssetningu,“ útskýrir Jökull.

Það er hinn þrefaldi Grammy-verðlaunahafi Jacquire King sem stýrir upptökum á plötunni. „Hann er frábær í alla staði og samstarfið hefur gengið mjög vel.“

Lagið No Good, sem sveitin sendi frá sér á síðasta ári, rataði í nýjan bandarískan sjónvarpsþátt sem ber nafnið Vinyl. Þá var lagið Way Down We Go í tölvuleiknum vinsæla Fifa 16. Eru fleiri lög úr ykkar smiðju á leið í sjónvarp eða tölvuleiki á næstunni? „Það er alltaf eitthvað í gangi en það er aðallega útgáfufyrirtækið okkar ásamt umboðsskrifstofunni og plötufrirtækinu sem er með puttna í þessu. Það er mikil eftirspurn, sérstaklega í ljósi þess að við höfum aðeins gefið út þrjú lög hérna úti enn sem komið er og maður hefur jafnvel verið bedinn um að semja lög fyrir kvikmyndir. Þetta snýst síðan um að velja hvað hentar og hvað ekki,“ segir Jökull.



númerið sinn

Davíð Antonsson, trommuleikari Kaleo, og Jökull spekingslegir á svip. MYND/KYLE REINFORD

Kaleo stefnir á að gefa út nýtt lag í þessum mánuði eða þeim næsta. „Við erum að vonast eftir því að gefa út einhver myndbönd á næstunni og mögulega nýtt lag í þessum eða næsta mánuði.“

Sveitin gaf út myndband við lagið Way Down We Go sem tekið er ofan í Þríhnúkagíg í sumar en myndbandið hefur vakið mikla athygli. Á dögunum sendi sveitin svo frá sér annað myndband sem sýnir gerð myndbandsins í Þríhnúkagíg. „Við höfum fengið gífurlega mikil viðbrögð við vídeóinu hérna úti rétt eins og laginu sem gengur mjög vel í útvarpi. Vídeóið á bak við tjöldin er einmitt skemmtilegt og sýnir hversu mikil vinna var á bak við gerð myndbandsins.“

Eins og fyrr segir er nóg framundan hjá sveitinni og eftir túrinn tekur við tónleikahald á hinum ýmsu tónleikahátíðum. „Eftir túrinn fáum



Jökull vonast til að platan komi út í sumar. MYND/KYLE REINFORD

ÞAÐ ER MIKIL EFTIRSPURN, SÉRSTAKLEGA Í LJÓSI ÞESS AÐ VIÐ HÖFUM AÐEINS GEFIÐ ÚT ÞRjú LÖG HÉRNA ÚTI ENN SEM KOMIÐ ER OG MAÐUR HEFUR JAFNVEL VERIÐ BEÐINN UM AÐ SEMJA LÖG FYRIR KVIKMYNDIR. ÞETTA SNÝST SÍÐAN UM AÐ VELJA HVAD HENTAR OG HVAD EKKI.

við um viku í Austin þar sem South By South West festivalið verður í gangi og svo förum við til Ástralíu beint í kjölfarið. Svo hefst festival-tímabilið fljótlega eftir það.“

Spurður út í hvort þeir félagar komi eitthvað til Íslands á næstunni hefur Jökull þetta að segja: „Þetta er góð spurning. Það þarf oft að berjast fyrir því að fá tíma til þess. Við erum gífurlega bókaðir allt þetta ár en ég er að vonast eftir því að við getum komið eitthvað í lok júní. Það er óvíst ennþá en eins og ég hef áður sagt þá er það varla í boði, fyrir mér, að missa alfarið af íslenska sumrinu.“

gunnarleo@frettbladid.is

FATÓ

MARKAÐUR - OUTLET

70% afsl. af öllum vörum

ENN MEIRI AFSLÁTTUR
Í OKKAR VINSÆLA FATÓ MARKAÐI
... Í NOKKRA DAGA!

OPNUNARTÍMAR

mán-fim: 11-18
fös: 11-18:30
lau: 11-18
sun: 13-17

Merkjavörur frá:
COMPANYS Kultur gs skór gallerisautján eva

FATÓ - ÚTSÖLUMARKAÐUR í kjallara **evu** laugavegi 26 - **FATÓ**



Fáðu þér appið!

DUKE ELLINGTON

Fár Eást Sútté



STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR

Litrík og spennandi níu laga svíta sem Duke Ellington samdi í samvinnu við sinn nánasta samstarfsmann; Billy Strayhorn. Einstakt tækifæri til að heyra eitt af lykilverkum síðari hluta ferils Ellingtons.

Stjórnandi og kynnir: Sigurður Flosason

HARPA SILFURBERG

Sunnudag 14. febrúar kl. 20:00
Miðaverð kr. 4.500 / 3.500

Miðar á harpa.is og í miðasölu Hörpu



Styrkt af
Reykjavíkurborg

Tónlistarsjóður



Þorvaldur Davíð Kristjánsson og Hera Hilmarsdóttir vinna að nýju leikverki saman, Andaðu. FRETABLAÐIÐ/VILLHEM

Staðráðin í að koma leikritinu til Íslands

Þorvaldur Davíð Kristjánsson leikari og Hera Hilmarsdóttir leikkona vinna að nýju leikverki saman, Andaðu, eða Lungs. Þorvaldur og Hera verða með opinn leiklestur þar sem leikhúsgestir geta notið þess að fylgjast með þeim í vinnslu á verkinu.

„Samstarfið hófst þegar mamma mín, hún Þórey, stakk leikritinu að mér fyrir nokkru og bað mig að lesa það. Ég tók við því og las það í flugvél á leiðinni til Íslands, þar sem ég átti í miklu basli við að halda andliti í þeim tilfinningarússíbana sem sagan fór með mig í. Frá þeim tímapunkti vorum við staðráðnar í að koma leikritinu til Íslands. Ég vann þýðinguna og svo kom Þorvaldur Davíð til leiks sem þriðja manneskjan í uppsetningunni.“ Segir Hera Hilmarsdóttir leikkona

„Leikritið Andaðu er að mörgu leyti mjög áhugavert verk. Flæðir skemmtilega og talsmátinn einkar nútímalegur og afslappadur án þess þó að vera afstöðulaus. Það eru líka margir flottir þræðir í gegnum verkið. Samband manns og konu, samband manns við sjálfan sig og umheiminn. Verkið veltir upp mörgum spurningum sem ungt fólk í dag stendur frammi fyrir. Það snertir á alvarleika lífsins en er um leið fullt af hómor fyrir því hversdagslega í samskiptum fólks.“ segir Þorvaldur Davíð aðspurður um innihald verksins.

Þorvaldur Davíð og Hera léku síðast saman í kvikmyndinni Vonarstræti, sem sló öll aðsóknarmet þegar hún var sýnd og hreppti Hera meðal annars Edduna sem besta leikkona í aðalhlutverki.

„Við Þorvaldur höfðum unnið

**ÉG ÁTTI Í MIKLU BASLI
VIÐ AÐ HALDA
ANDLITI Í ÞEIM TILFINNINGA-
RÚSSÍBANA SEM SAGAN FÓR
MEÐ MIG Í.**

náið saman áður og þekkjumst því vel sem er sérlega gott fyrir þessa vinnu og persónurnar í verkinu,” segir Hera.

„Já, við þekkt frá því við lékum saman í kvikmyndinni Vonarstræti. Hera hafði svo samband við mig og kynnti mig fyrir verkinu, ég varð strax hrifin af verkinu,“ bætir Þorvaldur við.

Leikritið var tilnefnt til bresku leiklistarverðlaunanna sem besta nýja leikritið árið 2012. Ásamt því að vinna til verðlauna á The Ofies, verðlaunum sjálfstæðu leikhúsanna í London sem besta nýja leikritið sama ár.

„Verkið hefur vakið mikla athygli fyrir snarpan, vel skrifaðan texta og djarfan stíl. Við Þorvaldur erum núna í fyrsta hluta ferlisins af æfingum og líkamlegri vinnu saman. Samstarfið gengur mjög vel og leiklesturinn verður í rauninni smá innlit í þann vinnuleiðangur sem við stöndum í og eigum fyrir höndum þangað til verkið verður fullklárað,” segir Hera Hilmarsdóttir.


Það er sérstakt tækifæri að sjá Heru og Þorvald saman á sviði hér á Íslandi en bæði eiga það sameiginlegt að vinna mikið erlendis. Hera lék síðast á móti breska leikaranum Ben Kingsley í kvikmyndinni An Ordinary Man. Um þessar mundir er Hera stödd hér á landi við tókur á kvikmyndinni Eíðurinn í leikstjórn Baltasar Kormáks.

„Tökur ganga vel í kvikmyndinni Eíðnum, sem er annað spennandi verkefni. Ég leik þar á móti Gísla Erni Garðarssyni ásamt Margræti Bjarnadóttur, og klára þær tókur í lok mánaðarins. Svo held ég aftur út til London og Los Angeles. Næstu verkefni eru ekki enn komin á það stig að geta sagt frá þeim. En verkefni eru fjölbreytt og flott svo ég gæti ekki beðið um meira,” segir Hera Hilmarsdóttir bjartsýn fyrir næstu verkefnum.

Þá er Þorvaldur sem stendur í tókum á kvikmyndinni Ég man þig í leikstjórn Óskars Þórs Axelsonar en hann fer með eitt aðalhlutverkið í myndinni.

„Ásamt því að klára tókur á kvikmyndinni Ég man þig er ég að vinna í minni eigin framleiðslufyrirtæki, Ísaland picture, en ég er að leggja drög að nýjum verkefnum ásamt því að vinna að heimildarmynd,” segir Þorvaldur Davíð aðspurður um komandi verkefni. gudrunjona@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR:** SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jóhann Waage johannwaage@365.is, Jón Ivar Vilhelmsson jonivar@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is **RADAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



Árshátíð

LOKUM Í KVÖLD KL. 17

VIÐ ÆTLUM AÐ GERA OKKUR GLAÐAN DAG,
FAGNA GÓÐU GENGI OG SKUNDA Á ÁRSHÁTÍÐ.

Það þýðir því ekkert að panta hjá okkur eftir kl. 17 í dag.
Algjör skortur verður á Domino's-pizzum þangað til verslanir okkar
opna á hefðbundnum tíma á morgun.

📞 SÍMI 58 12345 📱 DOMINO'S APP 🌐 WWW.DOMINOS.IS

Bakpankar

Kolbeins Tuma
Daðasonar



Leitin að fullkomna pottinum

Varla er hægt að finna pláss á landinu þar sem sundlaug er ekki að finna. Hana má nýta til að eiga góðar leikstundir með krökkunum, slaka á í beinu framhaldi af útihlaupi eða líkamsræktartíma og svo er heimsókn í gufuna einhver besti þynnukubani sem fyrir finnst. Klukkutíma blundur í framhaldinu toppar svo allt. Já, svo má víst líka synda í laugunum.

Margar laugar eiga sér langa sögu eins og Sundhöllin í Reykjavík, sem brátt verður að túristagildru dauðans með glæsilegu útivistarsvæði. Aðrar yngri á borð við Álfaneslaug og Lágafellslaug eru nánast vatnskemmtigarðar með öllum sínum rennibrautum og öldulaug. Nánast alls staðar er boðið upp á gufubað, víða er sauna, heitir pottar með hitastigi við allra hæfi og nú líka kaldir pottar fyrir þá hörðustu.

Sjálfur er ég nýbyrjaður á skriðsundsnámskeiði sem gæti breytt sundlaugahegðun minni en hingað til hef ég varið 95 prósent heimsóknna minna í heitum pottum. Kann ég þá sérstaklega vel við að liggja flatur í svonefndum diskum eða vaðlaugum sem er víða að finna og fara yfir málin með vinunum. Hins vegar eiga allir slíkir pottar sem ég hef prófað á landinu það sameiginlegt að hinn fullkomna líkamsstaða finnst aldrei þrátt fyrir mikla leit.

Svo virðist sem hönnuðir þessara tegunda lauga hafi vanrækt þennan þátt. Það bara hlýtur að vera til hin fullkomna hönnun þar sem þú getur legið á bakinu, höfðinu líður vel, axlirnar eru ofan í heitu vatninu og þú rennur ekki úr stöðu þinni þannig að hausinn fer undir yfirborð vatnsins. Þegar hinn fullkomni diskur hefur verið hannaður þá verð ég fastagestur í viðkomandi laug. Skiptir þá engu þótt þá laug verði að finna á Kópaskeri.

Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla,
Vesturbergi og
Aarnabakka



Iceland

Endalaust 365



NET
1.000 KR.*

ÓTAKMARKAÐ
GAGNAMAGN

*Fylgir með völdum tilboðsþéttum. Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is

1817 | 365.is



PARÍS

frá 12.999kr.*

mars - apríl

WOW air

BÓKAÐU NÚNA Á WOWAIR.IS